

# ÚTTEKT Á STARFSEMI


*Grunnskóla Grindavíkur*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. mars 2012

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björg Vilhjálmsdóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaúður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum, fulltrúum úr skólaráði og fræðslunefnd og starfsfólki félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkurbæjar fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík 1. mars 2012

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björg Vilhjálmsdóttir

## Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM.....	4
1. INNGANGUR .....	6
1.1. Gagnaöflun .....	6
2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS .....	7
2.1. Helstu einkenni .....	7
2.1.1. Nemendur .....	7
2.1.2. Mannauður .....	8
2.2. Áherslur og stefna skólans – skólastefna sveitarfélags .....	8
2.2.1. Stefna skólans .....	8
2.2.2. Skólastefna sveitarfélags .....	9
2.2.3. Sérstakar áherslur sem skólinn hefur lagt .....	10
2.2.4. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt .....	10
2.3. Húsnæði og aðbúnaður .....	10
2.4. Lög og reglugerðir .....	11
2.5. Mat úttektaraðila .....	11
3. SKÓLANÁMSKRÁ.....	13
3.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags .....	13
3.2. Kennsla.....	14
3.2.1. Námsskipulag.....	14
3.2.2. Sérkennsla .....	15
3.2.3. Heimanám.....	16
3.2.4. Kennsluáætlanir.....	17
3.3. Tengsl skólastiga .....	17
3.4. Námsmat .....	18
3.4.1. Samræmd próf .....	19
3.4.2. PISA.....	22
3.5. Mat úttektaraðila.....	22
4. STJÓRNUN OG REKSTUR.....	24
4.1. Stjórnskipulag og skipurit .....	26
4.2. Ákvarðanataka .....	26
4.3. Nemendafélag .....	26
4.4. Mat úttektaraðila.....	27
5. NÁM OG KENNSLA.....	28
5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni .....	28
5.2. Lýðræði .....	29
5.3. Þróunarverkefni .....	29
5.4. Endurmenntun .....	29
5.5. Mat úttektaraðila.....	30
6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....	32
6.1. Einelti .....	33

6.2. Jafnrétti .....	35
6.3. Félags- og tómstundastarf .....	36
6.4. Mat úttektaraðila .....	37
7. INNRA MAT .....	38
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd .....	38
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati .....	38
7.3. Mat á frammistöðu kennara .....	39
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats .....	39
7.5. Mat úttektaraðila .....	39
8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGLS .....	40
8.1. Samstarf .....	40
8.2. Lýðræði og þátttaka .....	40
8.3. Upplýsingaflæði .....	41
8.4. Mat úttektaraðila .....	41
9. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS .....	42
9.1. Fyrirkomulag og aðgengi .....	42
9.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu .....	43
9.3. Nemendaverndarráð .....	44
9.4. Ráðgjöf til kennara .....	44
9.5. Sjúkrakennsla .....	44
9.6. Skólaheilsugæsla .....	45
9.7. Mat úttektaraðila .....	45
9. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGS .....	46
10.1. Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati .....	46
10.2. Framkvæmd ytra mats .....	46
10.3. Starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta .....	46
10.4. Tengsl við sjálfsmat skólans .....	46
10.5. Kynning og eftirfylgni .....	46
10.6. Mat úttektaraðila .....	46
11. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA .....	47
11.1. Styrkleikar og veikleikar .....	47
11.2. Tillögur að aðgerðum til úrbóta .....	48
11.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélags og yfirvalda .....	48
11.3.2 Tillögur til úrbóta á starfi skólans .....	48
11.3.3 Minniháttar ábendingar .....	48
HEIMILDIR .....	49
VIÐAUKAR .....	50

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Grindavíkur. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Lagt var mat á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats. Niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum og PISA voru skoðaðar svo og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu og hvernig það nýtist skólanum.

Grunnskóli Grindavíkur á sér sögu um skólahald frá árinu 1888. Nemendur eru 456 og starfsmenn 74 og hafa allir kennarar réttindi til kennslu. Í dag er kennt á tveimur stöðum, eldri skólabyggingu og nýlegri byggingu, Hópskóla. Húsnæði skólans er mjög gott og almenn ánægja með það. Skólinn hefur frá árinu 2004 stuðst við *Uppeldi til ábyrgðar* (Uppbyggingarstefnuna). Vel var staðið að innleiðingu stefnunnar í upphafi, en undanfarin ár virðist sem henni hafi ekki verið framfylgt nægilega. Í stefnumótun núverandi skólaárs er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, fjölsmiðju, stærðfræði á unglingsstigi og lestrarstefnu. Grindavíkurbær hefur mótað skólafélag en ekki virðast nóg tengsl á milli stefnu skóla og sveitarfélags. Skólinn á í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu sem stefnt er að að auka enn frekar.

Um það leyti sem úttekt á skólanum hófst var skólastjóra hans sagt upp. Mikil óvissa ríkti innan skólans um framtíðina og litar það eflaust nokkuð niðurstöður úttektarinnar. Ljóst er að ekki ríkti sátt innan skólans um stjórnun hans í tíð fráfarandi skólafélags. Skólaráð virkaði ekki sem skyldi en breyting virðist hafa orðið á því með nýjum stjórnendum. Skipurit skólans og stjórnarskipulag hentar að flestu leyti stærð hans og verkefnum. Endurmenntunaráætlun er til en virðist ekki nægilega kynnt starfsmönnum og stuðningi við nýja starfsmenn er ábótavant. Sveitarfélagið hefur gert vel við skólann og hefur hagræðing í kjölfar efnahagshruns haft lítil áhrif. Fræðslunefnd virðist gegna hlutverki sínu vel.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á skólastarfinu í kjölfar nýrra laga og reglugerða. Núverandi skólanámskrá er ekki til sem heildstætt rit og uppfyllir ekki ákvæði aðalnámskrár og formleg endurskoðun er ekki hafin. Í yngstu bekkjum er verið að innleiða árangursviðmið/kvarða og átak hefur verið gert í gerð kennsluáætlana. Heildarfjöldi kennslustunda er ekki að öllu leyti í samræmi við viðmið aðalnámskrár en hlutur list- og verkgreina er talsvert meiri sem bendir til fjölbreytni í kennsluáferðum. Skólinn hefur tekið þátt í þróunarverkefnum með misjöfnum árangri. Niðurstöður úr samræmdum prófum og PISA hafa oftast verið yfir meðaltali Suðurnesja og í nokkrum tilfellum yfir landsmeðaltali. Frá 2009 hefur árangur á samræmdum prófum í 4. bekk þó verið undir meðaltali Suðurnesja nema í íslensku 2010. Skólabragur hefur verið fremur neikvæður síðustu ár en samstaða

virðist hafa aukist á síðustu mánuðum. Brugðist hefur verið við auknu einelti og sýna kannanir skólans að einelti hefur lækkað á milli ára. Í innra mati skólans er stuðst við Gæðagreini og liggur fyrir áætlun til ársins 2013. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats hafa hins vegar ekki verið fullnægjandi.

Nemendaráð er virkt við skólann og eru fulltrúar þess valdir með kosningu. Fjölbreytt félags- og tómstundastarf er í skólanum en nemendur virðast þó hafa takmarkaða aðkomu að ákvörðunum innan hans. Almennu foreldrar ánægðir með skólann og kennsluna og umsjónarkennara en ánægja er þó misjöfn eftir bekkjum. Skólinn sinnir nemendum með sérþarfir með fjölmörgum úrræðum og virðist takast þar vel upp að mörgu leyti. Ákveðinn foreldrahópur er hins vegar mjög ósáttur við hvernig tekið hefur verið á málum einstakra nemenda með sérþarfir og hafa m.a. leitað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólans en telur sig ekki hafa fengið úrlausn mála. Ekki hefur gengið nægilega vel að virkja foreldra til samstarfs í skólanum en samskiptavikur skólans hafa mælst vel fyrir. Aðgangur skólans að sérfræðiþjónustu hefur verið ágætur en samstarf skólans og sérfræðinga sveitarfélagsins mætti vera formfastara. Þá þyrfti að kynna foreldrum enn frekar þau úrræði sem til staðar eru. Algjört úrræðaleysi ríkir hins vegar í málefnum fatlaðra nemenda með geðræn vandamál og hefur sveitarfélagið leitað margvíslegra lausna án árangurs. Veikindi slíkra nemenda hafa bitnað á öðrum börnum. Yfirmaður skólans er jafnframt yfirmaður barnaverndarmála sem virðist í einhverjum tilvikum hafa leitt til hagsmunaárekstara. Ytra mat sveitarfélagsins felst mest í því að kalla eftir gögnum frá skólanum en nýlega var ákveðið að hefja innleiðingu á Skólavoginni.

Lagt er til að út frá nýrri aðalnámskrá verði skólafélag sveitarfélagsins og skólans svo og skólanámskrá endurskoðaðar með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins. Einn yfirmaður verði yfir sérkennslu og Námsveri og finna þarf lausn fyrir fatlaða nemendur með geðræn vandamál, auka þarf aðkomu nemenda að skólastarfinu og bæta samstarf heimilis og skóla. Fylgja þarf þróunarverkefnum betur eftir og festa þau í sessi. Þá er sveitarfélagið hvatt til að skoða samstarf við önnur sveitarfélög um endurmenntun starfsmanna og að endurskoða skipurit til þess að tryggja betur að hagsmunaárekstur verði ekki á milli skóla- og barnaverndarmála. Bæjarstjórn þarf að styðja við bakið á nýjum skólastjóra við að innleiða stjórnunarhætti sem taka mið að lýðræðislegum vinnubrögðum og þátttöku allra hagsmunaaðila og auka eftirfylgni sjálfsmats.

## 1. INNGANGUR

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Grindavíkur. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólástigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Lögð var áhersla á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats og niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum og PISA og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að mati á og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannaúdi og ráðgjöf úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir Grunnskóla Grindavíkur og niðurstöðum úttektarinnar og styrkleikum og veikleikum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta.

### 1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknnum 7. og 8. desember 2011. Úttektaraðilar áttu fundi með skólastjóra, ráðgjafa og staðgengli skólastjóra, sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkur og tveimur fulltrúum úr fræðslunefnd svo og þremur fulltrúum úr skólaráði. Þá var fundað með deildarstjórum, rýnihópi átta kennara sem úttektaraðilar völdu af handahófi, rýnihópi sex annarra starfsmanna og rýnihópi sjö nemenda. Haldinn var fundur með þremur foreldrum sem úttektaraðilar völdu af handahófi ásamt formanni foreldrafélags og öðrum fulltrúa úr stjórn þess. Mun fleiri foreldrar voru boðaðir en mættu ekki. Einnig var rætt við fjóra foreldra en sumir þeirra höfðu áður kvartað til ráðuneytisins. Tekin voru viðtöl/símaviðtöl við námsráðgjafa, deildarstjóra Námsvers, sérkennara, þrjá sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðslusviði. Einnig fengu úttektaraðilar nokkur símtöl frá kennurum og foreldrum. Samtals var rætt við 49 manns. Ýmis gögn voru skoðuð, sjá nánar í heimildaskrá.

Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Óskað var eftir gögnum frá skólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk skólastjóri gátlista til að styðjast við. Mikil töf var á afhendingu gagna vegna skólastjóraskipta og tafðist því skýrslugerð um einn mánuð. Eftir að fráfarandi skólastjóri hætti í lok nóvember 2011, tók starfsmaður skólans saman gögn fyrir úttektaraðila. Gögn voru mjög misjöfn að gæðum.

## 2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

---

Eiginleg skólakennsla hófst árið 1888 í Grindavík fyrir tilstuðlan Odds V. Gíslasonar sem beitti sér sérstaklega fyrir skólastarfi og menntun í Grindavík. Það var þó ekki fyrr en árið 1948 sem starfsemi skólans hófst í því húsnæði sem hann starfar að hluta til í nú<sup>1</sup>.

Með lagabreytingu á grunnskólalögum árið 1974 var nafni skólans breytt úr Barnaskóla Grindavíkur í Grunnskóla Grindavíkur sem starfar nú í tíu árgöngum. Í janúar 2010 tók Hópskóli til starfa sem sjálfstæð eining ætluð yngsta stigi grunnskólans en strax um sumarið sama ár var ákveðið að skólarnir tveir störfuðu undir sama nafni, Grunnskóli Grindavíkur<sup>2</sup>. Nemendur skólans eru 456 og starfsmenn 74 í tæplega 64 stöðugildum.

### 2.1. Helstu einkenni

Grunnskóli Grindavíkur er starfræktur í tveimur einingum eftir sameigingu við Hópskóla haustið 2010. Yngsta stig er í Hópskóla en mið- og elsta stig í húsnæði Grunnskóla Grindavíkur. Um 15 mínútna gangur er milli skólabygginganna. Íþróttahús og sundlaug, sem skólinn hefur aðgang að, er í nágrenni Hópskóli, u.þ.b. 5 mínútna gangur frá þeim skóla. Árlegur kennslutími skólaárið 2010 – 2011 var 13.440 kennslustundir auk 4.560 kennslustunda til sérkennslu. Auk þess fékk Námsver úthlutað 72 stundum á viku eða 2.880 á skólaárinu. 50 stundum á viku er varið til nýbúakennslu, eða 2000 á skólaárinu. Samtals eru því árlegar kennslustundir 22.880. Forfallakennsla skólaárið 2010 – 2011 var 1639 kennslustundir. Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara var 138 kennslustundir.<sup>3</sup>

#### 2.1.1. Nemendur

Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður skóli með 456 nemendur í 10 árgöngum og 24 bekkjardeildum<sup>4</sup>. Meðalstærð bekkja er um 20 nemendur<sup>5</sup>. Skólinn er einsetinn og eru tvær bekkjardeildir í hverjum árgangi að undanskildum 1. 2. 6. og 7. árgangi þar sem þær eru þrjár<sup>6</sup>.

---

1 Skólasaga af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

2 Skólasaga af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

3 Gögn frá skólanum í desember 2011.

4 Skólasaga af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

5 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010-2011, bls 4

6 Almennar upplýsingar af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur



### 2.1.2. Mannauður

Við skólann starfa rúmlega 74 starfsmenn í um 64 stöðugildum. Sjá nánar fjölda starfsmanna eftir starfsheitum í viðauka 1. Kynjaskipting starfsmanna er 83% konur og 17% karlar<sup>7</sup>. Meðalstarfsaldur kennara er um 12 ár. Starfsmannavelta í skólanum árið 2011 var 4,7%. Allir kennarar hafa réttindi til kennslu í grunnskóla, flestir hafa lokið Bed. prófi, en alls eru sjö kennarar með íþróttakennarapróf, sjá nánar töflu 1.

Tafla 1. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi	%
Íþróttakennarapróf	7	16%
Gamalt kennarapróf	3	7%%
Bed próf	29	66%
BA próf	5	11%
<b>Samtals</b>	<b>44</b>	<b>100%</b>

## 2.2. Áherslur og stefna skólans – skólastefna sveitarfélags

### 2.2.1. Stefna skólans

Leiðarljós Grunnskóla Grindavíkur eru eftirfarandi:<sup>8</sup>

- Skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðing fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.

Grunnskólinn í Grindavík hefur valið að nota *Uppeldi til ábyrgðar* sem leiðarvísi<sup>9</sup>. Stefnan er hugmyndafræði kennd við Uppbyggingarstefnuna (*e. restitution*) þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfsstjórn ásamt því að ýta undir sjálfstraust<sup>10</sup>.

Innleiðing hugmyndafræðinnar hófst á árunum 2004 – 2005. Skólaárið 2006 – 2007 fóru kennarar í náms- og kynnisferð til Minneapolis þar sem þeir sóttu námskeið um hugmyndafræðina ásamt því að heimsækja skóla þar sem notast var við hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar.<sup>11</sup>

Skólareglur liggja fyrir undir heitinu samskipta- og skólabragur en þær eru grundvalladar á leiðarljósi Grunnskóla Grindavíkur og Uppbyggingarstefnunnar.<sup>12</sup>

7 Starfsmenn af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

8 Samskipti og skólabragur: Skýr mörk – samskipta – og umgengnisreglur af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur, bls. 3.

9 Uppbyggingarstefna af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

10 Uppbyggingarstefna af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

11 Kynning á Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar) af vef Grunnskóla Grindavíkur

12 Samskipti og skólabragur: Skýr mörk – samskipta – og umgengnisreglur af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur, bls. 4 - 9

Samkvæmt skólastjórnendum byggir stefna skólans m.a. á Uppbyggingarstefnunni sem innleidd var árið 2003 og leiðarljósum sem skólinn setti sér við aldhvörf. Leiðarljósinn voru unnin út frá tveggja ára starfsleikninámi sem kennarar tóku þátt í. Leiðarljós skólans hafa ekki verið endurskoðuð en að sögn þeirra hafa þau oft verið rædd og allir sammála um að þeir séu stoltir af leiðarljósunum. Í upphafi innleiðingar Uppbyggingarstefnunnar voru haldnir fyrirlestrar og námskeið, kynningarefni búið til og starfsfólk fékk tækifæri til að kynnst starfi annars skóla sem hafði innleitt stefnuna. Einnig höfðu starfsmenn kost á að sækja námskeið um stefnuna erlendis. Að sögn starfsmanna komust ekki allir með þar sem niðurgreiðslur úr sjóðum væru afar mismunandi<sup>13</sup>. Síðustu ár, frá því að fráfarandi skólastjóri tók við árið 2008, hefur starf með Uppbyggingarstefnuna þó dalað og er óánægja meðal starfsmanna hvernig henni hefur verið haldið við<sup>14</sup>. Að sögn starfsfólks þurfa að koma skýr skilaboð frá yfirstjórn um hvaða stefnu eigi að vinna eftir og hvort Uppbyggingarstefnan eigi að lifa áfram.<sup>15</sup>

Skólastjórnendur sögðu að ekki væri að öllu leyti tekið mið af lýðræði, mannréttindum, jafnrétti, menntun til sjálfbæri, læsi og sköpun í stefnu skólans þar sem nýja aðalnámskráin, sem segir til um þessa grunnþætti menntunar, sé nýtilkomin. Þeir benda þó á að tekið sé mið að jafnrétti og sköpun í stefnu skólans, lýðræði, heilbrigði og velferð sé komin vel á veg, læsi sé verið að vinna í m.a. með gerð lestrarstefnu og vinna með sjálfbærni sé á byrjunarstigi og séu þau í vinnu við að skilgreina hugtakið<sup>16</sup>.

### 2.2.2. Skólastefna sveitarfélags

Skólastefna sveitarfélagsins, Grindavíkurbæjar, var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 10. mars 2010 en henni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi bæjarins. Markmiðið með gerð skólastefnu Grindavíkurbæjar var að skapa framtíðarsýn í málaflöknum til næstu þriggja ára ásamt því að vera málefnalegur grundvöllur að umfjöllun um skólastarf í sveitarfélaginu. Helstu áhersluatriði skólastefnu Grindavíkurbæjar eru í ellefu liðum, sjá nánar í viðauka 3<sup>17</sup>.

Samkvæmt skólastjóra eru mikil tengsl milli skólastefnu Grunnskóla Grindavíkur og stefnu sveitarfélagsins. Enn fremur tekur hann fram að Uppbyggingarstefnan taki á mörgum þáttum úr stefnu sveitarfélagsins og verið sé að skoða nánara samstarf milli skólaskrifstofu og stofnana svo skólastefna sveitarfélagsins sé lifandi í skólastarfinu<sup>18</sup>. Fulltrúar sveitarfélagsins eru þó ekki á sama máli og benda á stefna skólans sé ekki

<sup>13</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

<sup>14</sup> Fundur með starfsmönnum 7. og 8. desember 2011

<sup>15</sup> Fundir með starfsmönnum, kennurum og námsráðgjafa 8. desember 2011.

<sup>16</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

<sup>17</sup> Skólastefna Grindavíkurbæjar af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>18</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

nægjanlega sýnileg í almenna hluta skólanámskrár og ekki til sem heildstætt rit ekki í samræmi í bekkjarnámskrár. Ennfremur benda fulltrúar sveitarfélagsins á að einkennandi hafi verið fyrir stjórnendateymið „vaða í hlutina”, skortur sé á heildstæðri vinnu og vinna ekki kláruð og sé skólanámskráin hluti af því<sup>19</sup>.

### 2.2.3. Sérstakar áherslur sem skólinn hefur lagt

Skólinn hefur á núverandi skólaári lagt sérstaka áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, fjölsmiðju, stærðfræði á unglíngastigi og lestrarstefnu<sup>20</sup>.

### 2.2.4. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins þá hefur Grindavíkurbær ekki lagt fram sérstakar áherslur aðrar en skólastefnu sína. Hlutverk sveitarfélagsins hefur einkennst af aðhaldi m.a. með því að kalla eftir gögnum. Með þessu móti hefur sveitarfélagið reynt að bæta m.a. lestrarstefnu, endur- og símenntun, innra mat og starfsáætlun<sup>21</sup>.

## 2.3. Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Grunnskólans í Grindavík er tvískipt, annars vegar húsnæði Grunnskóla Grindavíkur og hins vegar húsnæði Hópsskóla sem sameinaðist Grunnskóla Grindavíkur haustið 2010<sup>22</sup>. Grunnskólinn í Grindavík er í um 4720 m<sup>2</sup> og Hópsskóli 1970 m<sup>2</sup>, samtals 6.690 m<sup>2</sup> auk þess að hafa aðgang að sambyggðu íþróttahúsi og sundlaug Grindavíkur. Núverandi húsnæði Grunnskólans á Grindavík sem tekið var í notkun 1948 hefur tekið breytingum í gegnum tíðina<sup>23</sup>. Húsnæði Hópsskóla var tekið í notkun árið 2010 en það er rúmgott og vel búið. Heilbrigðiseftirlit og Vinnueftirlit gerðu úttektir á húsnæði og útisvæði skólans 2010 og 2011 sem sýndu að húsnæði og útisvæði væri almennt í lagi en gerðar voru lítilsháttar breytingar í samræmi við athugasemdir.<sup>24</sup>

Skólabókasafn er í húsnæði Grunnskóla Grindavíkur og starfar þar bókasafnsfræðingur. Safnið hefur yfir að ráða þremur tölvum þar sem nemendum gefst kostur á að afla sér upplýsinga gegnum netið og að vinna í verkefnum<sup>25</sup>. Í Hópsskóla er skólabókasafnið í litlu herbergi. Uppi eru áætlanir um að byggja nýtt bókasafn. Starfsmenn,

19 Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

20 Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

21 Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

22 Almennar upplýsingar af vef Grunnskóla Grindavíkur

23 Skólasaga af vef Grunnskóla Grindavíkur

24 Úttekt heilbrigðiseftirlits 2011. Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

25 Skólabókasafn af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

sem rætt var við, sögðu að þrátt fyrir húsnæðisvanda væri sátt um safnið einna helst vegna safnvarðar sem sýni mikið frumkvæði og veiti góða þjónustu<sup>26</sup>.

Í foreldrakönnun, sem lögð var fyrir vegna sjálfsmats á starfsemi skólans 2010 – 2011, kom fram að 83 % foreldra tilgreina að þeir telji húsnæði skólans í heildina mjög gott eða í góðu lagi<sup>27</sup>. Meirihluti foreldra sagði einnig að í heildina væri aðstaða skólans mjög góð eða í góðu lagi. 22% foreldra voru þó á þeirri skoðun að sumt mætti betur fara<sup>28</sup>. Einnig var spurt út í viðhorf foreldra til fyrirkomulags mötuneytisins og tilgreindi mikill meirihluti foreldra ánægju með fyrirkomulag (79%). Svipuð ánægja var með framboð á hádegisverði í mötuneytinu eða 71%<sup>29</sup>.

Almenn ánægja er meðal starfsmanna með aðbúnað Hópskóla. Það viðhorf kom fram í hópi starfsmanna að einhverjar umbætur þyrftu að gera í eldra húsnæði skólans, m.a. að útbúa betri aðstöðu fyrir skólaliða<sup>30</sup>.

## 2.4. Lög og reglugerðir

Skólastjórnendur gátu ekki sagt til um hvaða breytingar hafi helst orðið í skólastarfinu í kjölfar setninga laga um grunnskóla árið 2008 né hvort ný lög og reglugerðir hafi leitt til breytinga á kostnaði. Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs sveitarfélagsins hafi haft umsjón með að kynna nýjar reglugerðir. Skólastjóri sagði hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins hafa haft lítil áhrif og vel hafi verið gert við skólann. Hann benti á að búið hafi verið að hagræða í rekstri skólans fyrir efnahagshrun t.d. í pappír, bleki o.fl.<sup>31</sup>

## 2.5. Mat úttektaraðila

- Um það leyti sem vinna við úttekt á Grunnskólanum í Grindavík hófst var skólastjóra hans sagt upp og deildarstjóri unglिंगadeildar tók tímabundið við stöðu skólastjóra. Þegar úttektaraðilar komu í skólann fundu þeir fyrir því víða að óvissa ríkti um skólastarfið í kjölfar uppsagnar skólastjórans og hafði það nokkur áhrif á úttektina.
- Leiðarljós skólans voru mótuð í upphafi síðasta áratugar með aðkomu margra en hafa ekki verið formlega endurskoðuð síðan. Vel var staðið að innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar skólaárið 2004-2005 og var unnið skv. henni næstu ár á eftir. Undanfarin ár virðist sem stefnunni hafi ekki verið framfylgt nægilega. Í úttektinni kom víða fram að stefnan hafi ekki haft fylgi fráfarandi skólastjóra. Hvorki hefur verið staðið nægilega að þjálfun starfsmanna né kynningu til foreldra. Starfsmenn kalla nú eftir

<sup>26</sup> Fundur með starfsfólki Grunnskóla Grindavíkur 7. og 8. desember 2011

<sup>27</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 21

<sup>28</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 22

<sup>29</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 56 -57

<sup>30</sup> Fundur með starfsfólki 7. og 8. desember 2011

<sup>31</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

skýrum skilaboðum um hvaða stefnu eigi að vinna eftir.<sup>32</sup> Skólinn hefur á núverandi skólaári lagt sérstaka áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, fjölsmíðju, stærðfræði á unglingastigi og lestrarstefnu. Reynsla af þessu starfi getur verið mikilvægt innlegg í alla stefnumótun.

- Allir kennarar skólans hafa réttindi til kennslu í grunnskóla sem er afar jákvætt fyrir skólann og sveitarfélagið. Hins vegar vekur það athygli úttektaraðila hversu margir íþróttakennarar gegna stöðu almennra kennara og var það jafnframt gagnrýnt í úttektinni í rýnihópi kennara.
- Húsnæði eldra hluta skólans hefur verið endurbætt. Húsnæði Hópskóla er rúmgott og vel búið. Almenn ánægja kom fram með húsnæði og aðbúnað hjá starfsmönnum og foreldrum bæði í rýnihópum og fyrirliggjandi könnunum. Húsnæði og útisvæði hefur verið tekið reglulega út og uppfyllir lög og reglur þar um.
- Mikil ánægja kom fram með faglegt starf bókasafn skólans. Stefnt er að því að byggja nýtt húsnæði fyrir safnið til að efla starf þess enn frekar.
- Ekki virðast hafa orðið breytingar á skólastarfinu í kjölfar nýrra laga og reglugerða.
- Sveitarfélagið hefur gert vel við skólann og hafa hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafa haft lítil áhrif á starfsemi hans.

---

<sup>32</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 29. gr

### 3. SKÓLANÁMSKRÁ

*Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.<sup>33</sup>*

Skólanámskrá Grunnskóla Grindavíkur er ekki til sem eitt rit. Námskráin samanstendur af handbók starfsfólks, bekkjarnámskrám og handbók fyrir foreldra. Grunnur hennar er frá árinu 1991. Að sögn skólastjórnenda hefur efni hennar að mestu verið unnið af stjórnendum skólans en bekkjarnámskrár af kennurum í samvinnu við stjórnendur. Námskráin hafi almennt verið endurskoðuð árlega með tilliti til aðalnámskrár en ekki sé farið að laga hana að nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Kennarar sögðu litla vinnu hafa farið fram við endurskoðun. „Erum á milli skips og bryggju varðandi aðalnámskrá“. Samþætting grunnþátta inn í skólastarfíð kemur ekki fram í núverandi skólanámskrá.<sup>34</sup>

Stefna skólans um kennslu, námsskipulag, samstarf kennara og kennsluáætlanir er því ekki aðgengileg á einum stað í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir árið 2011-2012, sem finna má á heimasíðu hans, er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst. Gerð er grein fyrir skólareglum og meðferð mála í starfsáætlun.<sup>35</sup>

#### 3.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Samkvæmt deildarstjórum þá eru engin tengsl milli skólanámskrár og skólastefnu sveitarfélagsins<sup>36</sup>. Í úttektinni komu fram skiptar skoðanir skólastjórnenda og kennara um hvort tengsl væru á milli skólanámskrár og skólastefnu sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins segja að lítil tengsl séu þarna á milli<sup>37</sup>. Stjórnendur skólans geta ekki sagt til um hvort skólanámskrá uppfylli ákvæði aðalnámskrár þar sem vinna við aðlögun nýrrar aðalnámskrár frá 2011 hefur ekki hafist<sup>38</sup>.

<sup>33</sup> Lög um grunnskóla nr.91/2008, 29. gr.

<sup>34</sup> Fundur með skólastjórnendum, deildarstjórum og kennurum 7. desember 2011

<sup>35</sup> Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012.

<sup>36</sup> Fundur með skólastjórnendum og deildarstjórum 7. desember 2011

<sup>37</sup> Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

<sup>38</sup> Fundur með skólastjórnendum og deildarstjórum 7. desember 2011

## 3.2. Kennsla

Skólinn hefur ekki sett sér stefnu í kennslu, námsskipulagi, samstarfi kennara eða gerð kennsluáætlana. Ætlast er þó til að kennarar hvers árgangs fyrir sig vinni saman og hafa þeir til þess einn tíma á viku.<sup>39</sup>

Heildarfjöldi kennslustunda er ekki að öllu leyti í samræmi við viðmið aðalnámskrár<sup>40</sup> en kennslustundir t.d. í íslensku, stærðfræði og samfélagsgreinum eru færri en viðmiðunarstundaskrá segir til um en list- og verkgreinar hafa fleiri stundir<sup>41</sup>. Síðastliðið haust var farið í átak til þess að jafna misræmi milli fjölda kennslustunda ákveðinna greina við viðmið aðalnámskrár. Gerðar voru töluverðar breytingar og að sögn skólastjóra stendur til að jafna og útskýra betur misræmið fyrir næsta skólaár<sup>42</sup>.

### 3.2.1. Námsskipulag

Skipulag skólans byggir á bekkjarkerfi en í skólanum eru 24 bekkjardeildir í 10 árgöngum<sup>43</sup>. Meðalstærð bekkja er um 20 nemendur<sup>44</sup>. Skólinn er einsetinn og eru tvær bekkjardeildir í hverjum árgangi að undanskildum 1. 2. 6. og 7 árgangi þar sem þær eru þrjár<sup>45</sup>.

Skólaárinu er ýmist skipt upp í tvær eða þrjár annir. Yngsta stigið, er með tvær annir, annaskil eru lok janúar. Miðstigið er einnig með tvær annir, annaskil eru í lok janúar. Elsta stigið er með þrjár annir og eru annaskil um miðjan nóvember og aftur um miðjan febrúar. Tvisvar á skólaárinu, um miðjan nóvember og febrúar, er samskiptavika þar sem nemendur mæta ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum eftir skólatíma í viðtöl við umsjónarkennara sinn. Þessa tilhögun völdu foreldrar og kennarar í könnun fyrir allmörgum árum síðan. Á samskiptadögum eiga allir kennarar skólans að vera í skólanum og tilbúnir til viðtals við foreldra og nemendur.<sup>46</sup>

Að sögn kennara kom fram óánægja síðastliðið haust vegna breytinga á stundaskrá hjá einum bekk átta vikum eftir að skólastarf hófst. Hagsmunir barna hefðu verið látnir víkja fyrir hagsmunum annarra utan skólans, þ.e. karlahópi í fótbolta. 30 mínútna eyða er nú í töflu barnanna eftir hádegishlé.<sup>47</sup> Að sögn skólastjóra var þetta kynnt vel fyrir nemendum og foreldrum og málið hafi ekki haft neina eftirmála.<sup>48</sup>

<sup>39</sup> Fundur með skólastjórnendum 8. desember 2011.

<sup>40</sup> Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá

<sup>41</sup> Heildarfjöldi kennslustunda Grunnskóla Grindavíkur, gögn afhent Attentus 8. desember 2011. Sjá Viðauka 4.

<sup>42</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

<sup>43</sup> Skólasaga af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>44</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010-2011: 4

<sup>45</sup> Almennar upplýsingar af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>46</sup> Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012

<sup>47</sup> Fundur með kennurum 8. desember 2011.

<sup>48</sup> Athugasemdir skólastjóra 20. febrúar 2012.

### 3.2.2. Sérkennsla

***Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.***<sup>49</sup>

Helstu markmið sérkennslu í Grunnskóla Grindavíkur eru að styrkja sjálfsmýnd nemenda, að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu og að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á sérkennslu í lestri og stærðfræði. Kennslan fer ýmist fram inni í bekk viðkomandi, einstaklingslega eða í smærri hópum eftir þörfum hverju sinni.<sup>50</sup>

Sérstakt Námsver er í skólanum og er það ætlað nemendum með sérþarfir. Alls dvelja þar 14 nemendur. Núverandi deildarstjóri Námsvers var áður í 50% starfi sem sérkennari ásamt því að vera deildarstjóri miðstigs. Annar sérkennari var þar í 100% starfi og einn til viðbótar í 50% starfi, auk þess koma list og verkgreinakennarar að og aðrir kennarar eftir þörfum. Í kjölfar skólalagsbreytinga í nóvember 2011 voru gerðar skipulagsbreytingar á stjórnun. Þáverandi deildarstjóri fór í 100% starf sem sérkennari. Núverandi deildarstjóri tók þá við sem deildarstjóri Námsvers og miðstigs í 60% stjórnun og 40% kennslu. Skipulag annarrar sérkennslu er í höndum deildarstjóra sérkennslu sem sér um að úthluta tímum fyrir sérkennslu og aðra skipulagningu og er hann yfirmaður stuðningsfulltrúa.<sup>51</sup>

Skjól er tímabundið úrræði fyrir nemendur í 4. - 7. bekk og á að nýtast nemendum sem þurfa aðstoð við að ná tökum á ábyrgri hegðun, efla sjálfstjórn og tækifæri til að vinna í rólegu umhverfi og litlum hópi og þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum. Áætlaður fjöldi nemenda í Skjóli hverju sinni eru fjórir. Deildarstjóri sérkennslu ásamt umsjónarkennara og umsjónarmanni Skjóls meta hverjir komast þar að og hvenær viðkomandi einstaklingur síðan útskrifast.<sup>52</sup>

Námsráðgjafi starfar í skólanum í 100% starfi. Hann situr í eineltisteymi og nemendaverndarráði. Að sögn námsráðgjafa sinnir hann einnig einstaklingsráðgjöf, kemur inn í bekk og heldur utan um ákveðna hópa.<sup>53</sup>

Skólalagsbreytingar segja alla nemendur í Námsverinu hafa miklar sérþarfir og mjög alvarlega náms-, þroska- og/eða hegðunarerfiðleika. Þeir sem hafa mestar þarfir eru þar alla daga en aðrir skemur. Fram kom í úttektinni að þegar um er að ræða mjög veika nemendur t.d. með geðræn vandamál væri lítið um úrræði. Skólayfirvöld í Grindavík leita nú leiða til að

49 Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 17. gr.

50 Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012

51 Fundur með kennurum 8. desember og athugasemdir frá deildarstjóra Námsvers 27. febrúar 2012.

52 Um Skjól af heimasíðu skólans. Fundur með deildarstjórum 7. desember 2011

53 Viðtal við námsráðgjafa 9. desember 2011



finna varanlega lausn fyrir nemendur sem ekki geta sótt skólann sökum slíkra veikinda, þar sem veikindi þeirra bitna mjög á öðrum börnum í skólanum. Sú lausn liggur enn ekki fyrir.<sup>54</sup>

Að sögn skólustjórnenda hefur almenn ánægja verið með Námsverið og sérkennsluna þótt upp hafi komið einhver ágreiningsmál milli skólans og foreldra<sup>55</sup>. Að mati margra starfsmanna, stjórnenda og sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðsluviði fer fram faglegt starf í Námsverinu og sérkennslunni. Það viðhorf kom fram að erfið samskipti við foreldra stafi í sumum tilfellum af því að foreldrar vilji stjórna kennslunni og hver eigi að vera með barninu.<sup>56</sup>

Sú gagnrýni kom fram meðal starfsmanna skólans að ábyrgðarskipting væri óljós í sérkennslu og Námsveri og að sami deildarstjóri ætti að vera yfir þessum tveimur deildum og kom það viðhorf einnig fram hjá starfsmönnum félagsþjónustu- og fræðsluviðs.<sup>57</sup>

Í könnun sem gerð var meðal foreldra árið 2010 kom fram mikil óánægja þeirra með sérkennslu. Foreldrar taka fram að ósveigjanleiki einkenni sérkennsluna, að huga þurfi betur að sérkennslu á miðstigi og losaralega sé staðið að því þegar barn þarf séraðstoð<sup>58</sup>. Það sjónarmið kom fram hjá foreldrum í úttektinni að ekki væri hlustað á foreldra. Einstaklingsáætlunum væri ekki fylgt eftir og að sumir kennarar væru hræddir við að segja skoðun sína, hræddir um að missa stöðu sína. Það viðhorf var ríkjandi meðal foreldra að algjört úrræðaleyfi ríkti í málefnum ákveðinna nemanda sem áður er vikið að. Einnig kom fram sú skoðun hjá foreldrum að skólinn sinnti nemendum með sérþarfir vel.<sup>59</sup>

Í úttektinni kom fram hjá nokkrum foreldrum afar mikil óánægja með viðbrögð skólans við kvörtunum þeirra vegna barna, sem öll eru með sérþarfir, og framkomu starfsfólks við börnin. Einnig kom fram að börnum þeirra liði oft ákaflega illa í skólanum. Skólinn vilji ekki viðurkenna neinn vanda í starfi sínu<sup>60</sup>. Að sögn starfsfólks og sérfræðinga innan skólans þarf að skýra betur hlutverk skólans í tengslum við erfið mál.<sup>61</sup>

### 3.2.3. Heimanám

Heimanám er á öllum skólastigum Grunnskóla Grindavíkur og hefur gengið vel að sögn skólustjóra. Unnið er að stefnu í heimanámi og er markmiðið að klára hana og kynna fyrir

54 Viðtal við deildarstjóra Námsvers, janúar 2012.

55 Fundir með deildarstjórum og skólustjórnendum 7. desember 2011

56 Rýnihópar kennara og rýnihópar annarra starfsmanna 7. desember 2011, símaviðtöl við sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðsluviði janúar 2012

57 Rýnihópur kennara og rýnihópur annarra starfsmanna 7. desember 2011

58 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011:69 - 70

59 Rýnihópur foreldra 7. desember 2011.

60 Rýnihópur foreldra 8. desember 2011.

61 Rýnihópar starfsmanna og samtöl við sérfræðinga skólans desember 2011 og janúar 2012.

skólalok. Stefnan er unnin í samstarfi við kennara skólans. Magn heimanáms skal taka mið af aldri og getu nemenda<sup>62</sup>.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við sjálfsmat skólans voru foreldrar spurðir út í fyrirkomulag heimanáms. Meirihluti foreldra (63,7%) tilgreinir að heimavinnan barna sinna sé hæfileg, 24,2% að hún sé of lítil og 8,8% hún sé of mikil<sup>63</sup>. Þó kom það viðhorf fram að of mikið stökk væri milli heimanáms í 7. bekk og 8. bekk en þarf væri þörf á að gefa nemendum kost á að aðlagast auknu heimanámi<sup>64</sup>. Skipulag heimanáms er þó breytilegt eftir bekkjum. Yngsta- og miðstig fá vikuáætlun um heimanám en efsta stig fær upplýsingar um heimanám eftir hvern tíma<sup>65</sup>.

### 3.2.4. Kennsluáætlanir

Átak var gert í gerð kennsluáætlana s.l. haust. Kennsluáætlanir liggja fyrir í öllum árgöngum og eru aðgengilegar í Mentor fyrir (4. bekk – 10. bekk) og á heimasíðu í bekkjarvísunum fyrir (1. – 3. bekk). Skólastjóri segist ætlast til þess að kennarar í árgangi vinni saman að kennsluáætlun, þeir séu með fasta viðveru til þess einu sinni í viku. Kennarar lýstu yfir óánægju með að þrýst var á þá að nýta í vinnuna markmið úr aðalnámskrá sem eru inni í Mentor, þar sem í Mentor var þá ekki búið að uppfæra markmiðin miðað við aðalnámskrá 2011 og því verði um tvíverknað að ræða.<sup>67</sup> Kennarar sögðust hafa kvartað við þáverandi skólastjóra yfir vinnubrögðum en tekið hafi verið illa í athugasemdir þeirra og þeir beðnir um að halda vinnunni áfram.<sup>68</sup>

## 3.3. Tengsl skólastiga

Upplýsingar um tengsl skólans við aðra skóla eða stofnanir í nærsamfélaginu er að finna í handbók starfsmanna og var það endurmetið vorið 2011<sup>69</sup>. Skólinn hefur verið í samstarfi við leikskóla bæjarfélagsins, Tónlistarskóla Grindavíkur, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fiskitækniskóla Suðurnesja<sup>70</sup>.

Samstarf skólans og leikskóla bæjarins hefur staðið frá árinu 1995. Það hefur að sögn stjórnenda orðið til þess að 1. bekkur þekkir skólann mjög vel. Markmið þess er að koma á samstarfi milli skólastiga, að skapa samfellu í námi, stuðla að vellíðan og öryggi meðal

62 Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011 og drög að heimanámsstefnu Grunnskóla Grindavíkur, vor 2011.

63 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010- 2011, bls. 26

64 Fundur með foreldrum 8 desember 2011

65 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010- 2011, bls. 26

66 Fundur með nemendum 8. desember 2011

67 Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

68 Fundur með fræðslunefnd og kennurum 8. desember 2011

69 Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011-2012, bls. 57; 60; 83

70 Fundur með deildarstjórum og skólastjórnendum 7. desember 2011

nemenda við að færast milli skólastiga og byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á starfi hvers skólastigs<sup>7172</sup>.

Samstarf skólans við Fjölbautaskóla Suðurnesja byggir á því að nemendur Grunnskóla Grindavíkur eigi kost á að sækja áfanga í framhaldsskólanum með aðstoð frá kennurum grunnskólans<sup>73</sup>.

Skólinn á einnig í samstarfi við Fiskitækniskólann um valhóp í netagerð en áætlað er áframhaldandi samstarfi. Þá vinnur skólinn með tónlistarskóla bæjarins. Skólinn er í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í Grindavíkurbæ um vinnustaðaval fyrir nemendur á unglíngastigi. Ennfremur heimsækja nemendur t.d. hjúkrunarheimili og slökkviliðsstöðina þó svo að ekki sé um formlegt samstarf þar á milli<sup>74</sup>. Samkvæmt skólastjóra mætti auka samstarf skólans við stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu<sup>75</sup>.

### 3.4. Námsmat

*Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.<sup>76</sup>*

Samkvæmt skólastjórnendum hefur skólinn ekki útfært fjölbreytt námsmat í skólanámskrá. Skólinn fékk þróunarstyrk árið 2007 til að vinna að fjölbreyttum matsaðferðum en sú vinna hafi fjarð út. Þó benda þeir á að skólinn stuðli að fjölbreyttu námsmati en þó helst á yngra námsstigi. Ennfremur segja stjórnendur að marka þurfi nýja stefnu miðað við nýjar aðstæður skólans og nýja námskrá. Fram kom hjá kennurum að vilji sé fyrir því í þeirra hópi að auka fjölbreytni í námsmati en vegna aðstæðna í skólastarfinu undanfarið hafi verið mikið álag á starfsfólk og því lítið unnið í þessum efnun. Starfseinkunn er gefin á unglíngastigi og samanstendur hún af vinnu í kennslustundum, heimavinnu, skilum á verkefnum, könnunum, kaflaprófum o.fl. Að sögn skólastjóra fer fram umræða á deildarfundum unglíngastigs um námsmatið.<sup>77</sup> Í rýnihópi kennara kom fram að þeir óska eftir faglegri umræðu um námsmatið og meiri aðkomu þeirra að ákvörðunum um það<sup>78</sup>.

71 Fundur með deildarstjórum og skólastjórnendum 7. desember 2011

72 Handbók starfsmanna Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011-2012, bls. 57

73 Fundur með deildarstjórum og skólastjórnendum 7. desember 2011

74 Fundir með skólastjórnendum og deildarstjórum 7. desember 2011

75 Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

76 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:19.

77 Athugasemdir skólastjóra 20.febrúar 2012.

78 Fundir með skólastjórnendum, deildarstjórum og kennurum 7. og 8. desember 2011

Í 1. – 4. bekk hafa verið innleiddir kvarðar/árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsþáttum innan námsgreinar. Kennarar, sem rætt var við, sögðu áhuga meðal kennara að halda áfram með notkun kvarðanna.<sup>79</sup> Á yngsta stigi er fjölbreytt námsmat þróað út frá bekkjanámskrám þar sem m.a er búinn til kvarði og sjálfsmatsbók sem nemendur fá afhenta í 1. bekk og fylgir þeim þar til í lok 4. bekkjar. Kvarðinn og sjálfsmatsbókin eiga að auðvelda mat kennara á því hvort nemandi nái markmiðum sínum og stuðla að fjölbreyttu námsmati. Námsmat á yngsta stigi fer fram jafnt og þétt alla önnina m.a. í formi leiðsagnamats, sjálfsmats og kannanna. Á miðstigi byggir námsmat á símati og prófum í annalok. Ennfremur fá nemendur vitnisburð þar sem greint er frá einkunnum í prófum og símati ásamt umsögn um hverja grein. Foreldrar barna í fyrsta til fjórða bekk hafa fengið upplýsingar um niðurstöður mats sendar heim og í foreldraviðtölum. Foreldrar barna í öðrum bekkjum fá upplýsingar um niðurstöður mats í foreldraviðtölum en þau fara fram tvisvar til þrisvar á ári<sup>80</sup>.

Ekki er fjallað um í handbók starfsfólks hvernig námsmati 8 – 10. bekkjar er hagað<sup>81</sup> en uppbygging þess kemur fram í kennsluáætlunum. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar um matsaðferðir og matstæki á haustfundum, einnig hafa sumir kennarar sent þær heim til foreldra.

Nemendur við Grunnskóla Grindavíkur eiga að sögn stjórnenda og kennara kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti sbr. kvarða um markmið á yngsta stigi. Nemendur skólans geti haft mismunandi markmið í námi og því geti leið þeirra að þeim markmiðum verið mismunandi. Samkvæmt deildarstjórum þá er einnig komið til móts við þá nemendur sem þess þurfa t.d. með að bjóða upp á munnleg eða skrifleg próf þegar það á við.<sup>82</sup>

### 3.4.1. Samræmd próf

Árangur í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk var árin 2007 og 2008 yfir meðaltali á Suðurnesjum og árin 2007 og 2008 var hann yfir landsmeðaltali sem er 30. Árangurinn hefur verið undir meðaltali Suðurnesja síðan 2009 nema yfir meðaltali í íslensku árið 2010. Árangur í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk hefur verið yfir meðaltali Suðurnesja nema í stærðfræði 2007 og 2010. Árið 2008 var árangurinn yfir landsmeðaltali í báðum greinum og í stærðfræði árið 2011. Árangur í 10. bekk hefur alltaf verið yfir meðaltali Suðurnesja nema árin 2009 og 2010. Árin 2007 og 2008 var skólinn yfir landsmeðaltali í

<sup>79</sup> Fundir með skólatjórnum, deildarstjórum og kennurum 7. desember 2011

<sup>80</sup> Fundir með skólatjórnum og kennurum 7. desember 2011. Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011 – 2012:21 - 26

<sup>81</sup> Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011 – 2012:21 - 26

<sup>82</sup> Fundir með skólatjórnum og kennurum 7. desember 2011

báðum greinum. Í töflu 1 má sjá mismun á Grunnskólanum í Grindavík og skólum á Suðurnesjum á samræmdum könnunarprófum árin 2007 – 2011.<sup>83</sup>

**Tafla 2. Mismunur á Grunnskóla Grindavíkur og skólum á Suðurnesjum á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði árin 2007 – 2011.**

Ár	Íslenska 4. Bekkur		Stærðfræði 4. bekkur	
	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes
2007	31,3	28,2	31,2	29
2008	30,7	28,1	32,2	29,7
2009	24,5	25,2	24,1	27,7
2010	29,9	27,3	26,8	30,4
2011	27,5	28,4	25,1	30,7
	M=28,6	M=27,4	M=28,0	M=29,5

Ár	Íslenska 7. bekkur		Stærðfræði 7. bekkur	
	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes
2007	28,1	27,1	25,4	28,1
2008	31,8	26,8	35,4	27,4
2009	27,9	25,8	28,6	27,0
2010	28,8	26,8	26,6	28,7
2011	27,7	26,7	31,2	29,3
	M=28,8	M=26,6	M=29,6	M=28,1

83 Samræmd könnunarpróf. Meðaltal skóla. Námsmatsstofnun 2010.

Ár	Íslenska 10. bekkur		Stærðfræði 10. bekkur	
	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes	Grunnskóli Grindavíkur	Suðurnes
2007	29,2	25,3	31,1	25,9
2008	28,5	26,2	32,8	27,1
2009	26,9	27,0	26,5	27,1
2010	27,6	27,7	26,5	27,3
2011	29,4	27,3	30,8	27,3
	M=28,2	M=26,7	M=29,6	M=27,0

Í rýnihópi kennara og stjórnenda kom almennt fram jákvætt viðhorf til samræmdra könnunarprófa. Viðhorf kennara virðast þó breytileg eftir því á hvaða stigi þeir kenna en almennt eru kennarar fjórða bekkjar með neikvæðara viðhorf. Það viðhorf ræðst að mestu á upplifun nemenda þeirra á prófunum en þeir greindu frá því að prófið hafi „haft áhrif á sálartetrið hjá nemendum“ og hafi sumir þeirra upplifað prófin mjög neikvætt. Verið er að vinna gegn þessari upplifun nemenda fjórða bekkjar í samræmdum könnunarprófum og er stefnt að því að undirbúa næsta árgang betur fyrir prófið og að það starf byrji á vorönn 2012 rúmu hálfu ári áður en nemendur þreyta prófið<sup>84</sup>.

Skiptar skoðanir komu fram meðal kennara hvort nægjanlega sé rýnt í niðurstöður úr samræmdum prófum. Sumir sögðu að í gegnum tíðina hafi námsárgangur nemenda verið skoður til þess að sjá hvað sé hægt að gera betur. Árangur einstakra nemenda sé rýndur til þess að sjá hvort nemandi þurfi aukna aðstoð við tiltekna námsgreinar eða þætti. Aðrir kennarar sögðu að ekki sé farið nægjanlega vel yfir niðurstöður úr samræmdum prófum og viðbragðsáætlun liggi ekki fyrir. Þeir segja skýrari eftirfylgni í kjölfar niðurstaðna nauðsynlega sem eiga að tengjast endurskoðun á kennsluháttum<sup>85</sup>.

Þegar spurt var út í skýringu á niðurstöðum nemenda skólans í samræmdum prófum greindu stjórnendur og kennarar frá að skýringin lægi í góðu og metnaðarfullu starfsfólki, stöðugleika í kennaraliðinu, aukinni vitund og hækkunni menntunarstigi meðal foreldra,

84 Fundur með skólatjórnum og kennurum 7. desember 2011

85 Fundir með skólatjórnum og kennurum 7. desember 2011

sjálfsgagnrýni, starfsfólk leiti nýrra leiða til að koma til móts við nemendur ásamt samstöðu starfsmanna<sup>86</sup>.

Fulltrúar sveitarfélagsins eru ekki sáttir við árangur skólans á samræmdum prófum og sveitarfélagið hefur kallað eftir umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna. Þeir segja að skólinn eigi ekki að bera sig saman við aðra skóla á Suðurnesjum, heldur landið í heild. Metnað skorti um bættan árangur.<sup>87</sup>

### 3.4.2. PISA

Samkvæmt skólastjórnendum þá hefur skólinn ekki verið ánægður með niðurstöður skólans á PISA. Þeir benda á að áhugaleysi sé um PISA meðal nemenda og kennara. Ein af ástæðum áhugaleysis gæti þó verið of stuttur tími milli fyrirlagnar PISA og samræmdu könnunarprófanna. Ennfremur hefur verið skortur á því að niðurstöður PISA séu kynntar starfsfólki. Námsmatsstofnun hefur lagt meiri áherslu á niðurstöður PISA og hefur skólinn lagt meiri áherslu á prófið samkvæmt því. Árið 2009 tóku 87% nemenda úr 10. bekk þátt í PISA. Helstu niðurstöður voru þær að skólinn fékk 475 stig í lesskilningi, 479 stig í stærðfræði og 489 stig í náttúrufræði. Allir nemendur voru í kringum meðaltal af öllum nemendum í læsi á stærðfræði, svipuð niðurstaða var í lesskilningi. Þó voru nokkrir nemendur meðal 10-15% lægstu í íslensku og nokkrir meðal efstu 15% í náttúrufræði.<sup>88</sup>

## 3.5. Mat úttektaraðila

- Núverandi skólanámskrá er ekki til sem heildstætt rit og er grunnur hennar frá 1991. Hún uppfyllir ekki ákvæði aðalnámskrár þar sem hún fjallar ekki um alla þá þætti sem ætlast er til að séu í skólanámskrá. Formleg endurskoðun námskrárinnar m.t.t. til nýrra laga og reglugerða er ekki hafin. Mikilvægt er að námskráin verði endurskoðuð sem fyrst út frá stefnumótun skólans og stefnu sveitarfélags, lögum og reglugerðum.<sup>89</sup>
- Heildarfjöldi kennslustunda er ekki að öllu leyti í samræmi við viðmið aðalnámskrár.<sup>90</sup> Sú vinna sem hafin er við endurskoðun á skiptingu kennslustunda þarf að tengjast endurskoðun skólanámskrár.
- Í úttektinni kom fram óánægja meðal kennara með stundaskrárgerð þar sem hagsmunir nemenda hafa verið látnir víkja fyrir hagsmunum utanaðkomandi aðila sem telst að mati úttektaraðila óeðlilegt.
- Samskiptavikur skólans, þar sem foreldrar, nemendur og starfsmenn eiga fundi um árangur skólastarfsins, hefur mælst vel fyrir. Foreldrar og kennarar völdu

<sup>86</sup> Fundir með skólastjórnendum, deildarstjórum og kennurum 7. desember 2011

<sup>87</sup> Fundur með fulltrúum úr fræðslunefnd og sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðsluviðs 8. desember 2011

<sup>88</sup> PISA 2009, Skólaniðurstöður fyrir Grunnskóla Grindavíkur. Námsmatsstofnun.

<sup>89</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 29. gr.

<sup>90</sup> Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár

fyrirkomulagið í könnun fyrir nokkrum árum og er það dæmi um vel heppnað samstarf foreldra og skóla.

- Skólinn reynir að sinna nemendum með sérþarfir með fjölmörgum úrræðum og virðist takast þar vel upp að mörgu leyti. Þó kom í úttektinni fram óánægja hjá foreldrum nemenda með sérþarfir og staðfestist sú óánægja í könnunum. Að mati úttektaðila mætti formlegt samstarf þeirra kennara sem sinna sérkennslu og sérfræðinga sveitarfélagsins vera formfastara, td. með föstum fundum. Þá þyrfti einnig að kynna foreldrum enn frekar þau úrræði sem til staðar eru.
- Þá er að mati úttektaðila ekki skilvirkt að deildarstjóri miðstigs sé líka deildarstjóri Námsvers og að annar aðili haldi utan um aðra sérkennslu. Slíkt getur gert yfirsýn og aðgerðir í sérúrræðum erfiðari. Æskilegt væri að einn og sami stjórnandinn bæri ábyrgð á Námsveri og sérkennslu.
- Svo virðist sem algjört úrræðaleysi ríki í málefnum fatlaðra nemenda með gedræn vandamál. Skólinn og sveitarfélagið hafa leitað margvíslegra lausna án árangurs. Óásættanlegt er að alvarleg veikindi einstakra nemenda bitni á öðrum börnum í skólanum.
- Skólinn hefur stefnu um heimanám sem sátt virðist ríkja um. Skólinn á í samstarfi við bæði leikskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla sem hefur gefist vel en vilji er fyrir auknu samstarfi við grenndarsamfélagið og stofnanir.
- Skólinn fékk þróunarstyrk árið 2007 til að vinna að fjölbreyttum námsmatsaðferðum en verkefninu var ekki fram haldið og því fékkst engin niðurstaða. Í yngstu bekkjum skólans er hafin vinna við að innleiða árangursviðmið/kvarða skv. nýrri aðalnámskrá. Stefnt er að því að allir nemendur eigi kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti.<sup>91</sup> Skólastjórnendur benda réttilega á að marka þurfi nýja stefnu miðað við nýjar aðstæður skólans og nýja námskrá og eru kennarar sammála því mati.
- Árangur skólans á samræmdum prófum hefur yfirleitt verið yfir meðaltali Suðurnesja og stundum yfir landsmeðaltali. Þó hefur árangur í 4. bekk varið slakari frá 2009 nema í íslensku árið 2010. Almenn kom fram jákvætt viðhorf til samræmdra prófa en fram kom hjá kennurum að eftirfylgni þurfi að vera skýrari í kjölfar niðurstaðna og ætti að tengjast endurskoðun á kennsluháttum. Úttektaðilar telja að endurskoðun skólanámskrár gefi tækifæri á að rýna í þessa þætti. Árangur skólans á PISA var í kringum meðaltal annarra skóla á landinu. Mikilvægt er að nemendur séu hvattir til þess að taka þátt og að jákvæð umræða skapist í kringum prófið.

---

91 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:40



## 4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur Grunnskóla Grindavíkur er á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins Grindavík sem ber ábyrgð á „heildarskipan skólahlads í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.”<sup>92</sup>

Fræðslunefnd fer með málefni grunnskólans. Hún er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Auk þess sitja þar sem áheyrnarfulltrúar skólastjóri grunnskólans, einn kennari og einn fulltrúi foreldra grunnskólabarna. Fundi nefndarinnar sitja skólastjóri tónlistarskóla, fulltrúi starfsmanna á leikskóla, fulltrúi foreldra barna á leikskólum og fulltrúa leikskólastjóra.

Sviðsstjóri félags- og fræðslumála situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.<sup>93</sup> Fræðslunefnd heldur mánaðarlega fundi. Fundargerðir fræðslunefndar eru á heimasíðu Grindavíkurbæjar. Þar má sjá að nefndin hefur fjallað skólanámskrá, sjálfsmat, stjórnun ofl. Nefndin er að sögn skólastjórnenda mjög virk.<sup>94</sup>

Skólaráð hefur verið við Grunnskóla Grindavíkur síðan í febrúar 2009. Í skólaráðinu eru tveir fulltrúar foreldra, tilnefndir af foreldrafélaginu, tveir fulltrúar kennara kosnir á kennarafundi, einn fulltrúi annarra starfsmanna, tveir fulltrúar nemenda sem voru valdir af nemendafélagi og skólastjóri sem stýrir starfi ráðsins. Þegar skólinn var heimsóttur var ekki búið að finna fulltrúa grenndarsamfélags í skólaráð en í janúar má sjá nafn fulltrúa grenndarsamfélags á heimasíðu skólans. Almennt virðist vera sátt um hvernig fulltrúar skólaráðs voru valdir.<sup>95</sup> Ráðið skal vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahlald og taka þátt í stefnumörkun skólans, fjalla um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.<sup>96</sup>

Fundargerðir skólaráðs má lesa á heimasíðu skólans<sup>97</sup>. Samkvæmt þeim kom ráðið saman einu sinni skólaárið 2010-2011 og tvisvar sinnum skólaárið á undan (2009- 2010)<sup>98</sup>. Skólaárið 2009 – 2010 var til umræðu hjá ráðinu félagsstarf nemenda, fjárhagsáætlun skólans og endurskoðun hennar, hlutverk skólanefndar, hvernig skólaárið hefði gengið og breyting á nýtingu húsnæðis vegna fækkun nemenda við skólann. Ekki er farið yfir

<sup>92</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 5. gr.

<sup>93</sup> Samþykkt á 410. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar 7. september 2011

<sup>94</sup> Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

<sup>95</sup> Skólaráð. Af heimasíðu skólans.

<sup>96</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 8. gr.

<sup>97</sup> Skólaráð af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>98</sup> Skólaráð af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

starfsáætlanir, skólanámskrá, ársskýrslu, aðbúnað né öryggismál og aðeins lítillega um húsnæði skólans<sup>99</sup>.

Fram kom á fundi með fulltrúum úr skólaráði að fyrrverandi skólastjóri hefði haft lítinn metnað til að hafa virkt skólaráð. Á hans stjórnunartíma hafi ekkert verið lagt undir skólaráð í þeim tilgangi að fá umsögn þeirra heldur hafi hlutverk fulltrúa ráðsins verið að vera áheyrnaraðilar. Með breytingum á stjórn skólans í lok nóvember 2011 hefði þó orðið breyting þar á og gegni skólaráð nú veigameira hlutverki en áður. Leitað sé eftir álitum þeirra með tiltekin mál. Að mati núverandi skólastjórnenda hefur skólaráð ekki verið virkt og fundir hafi verið fáir.<sup>100</sup>

Samkvæmt foreldrakönnun 2011 kemur fram um 75% foreldra er ánægður með stjórnun skólans, það er þó mjög misjafnt eftir bekkjum<sup>101</sup>. Ekki ríkir sátt innan skólans um aðkomu kennara að stjórnun skólastarfsins. Þetta ósætti er þó mest tengt fráfarandi skólastjóra en að mati nokkurra starfsmanna þá var lítið um skoðanafrelsi og lýðræði ásamt því að skólastjóri var formlega ásakaður um einelti í garð starfsmanna<sup>102</sup>. Kennarar óska eftir sterkum leiðtoga sem dregur vagninn. Einnig vilja þeir að millistjórnendur fái þjálfun í stjórnun og breytingar innan skólans séu rökstuddar.<sup>103</sup>

Að mati flestra starfsmanna og stjórnenda skólans sem rætt var við, gekk stjórnun skólans ekki vel í stjórnartíð fráfarandi skólastjóra og að mikið rót hafi komið á skólann í tengslum við óvænt starfslok hans. Nefnd voru dæmi um að hann hafi verið einstaklega ósamvinnuþýður og veitt lítið upplýsingaflæði m.a. í tengslum við samstarf við foreldrafélag skólans<sup>104</sup>. Að sögn skólastjóra hafa starfsmannasamtöl verið tekin í Grunnskóla Grindavíkur frá árinu 2002.<sup>105</sup>

Í sjálfsmatsskýrslu Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011 kemur fram sú skoðun „að ekki þori allir að segja sína skoðun. Fólki þarf stundum að líða fyrir skoðanir sínar ef þær lúta ekki að skoðunum stjórnenda“<sup>106</sup> Einnig „Okkur finnst vera ákveðinn skortur á **endurgjöf** frá stjórnendum í okkar fagstarfi / ákveðnum verkefnum. Starfsfólk þorir ekki að **tjá sig** af ótta við refsingu. Möguleikar á framgöngu í starfi eru litlir sem engir. Verið er hygla sumum starfsmönnum á kostnað annarra. Möguleikar á að sækja um sértæk verkefni eru ekki í boði og ekki auglýstir heldur **úthlutað til þóknanlegra aðila**“

99 Fundargerð skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur, 5. nóvember 2009

100 Fundur með skólastjórnendum, skólaráði, fulltrúum sveitarfélagsins, starfsfólki og foreldrum 7. og 8. desember 2011

101 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 14

102 Fundur með skólastjórnendum, kennurum og starfsmönnum 7 og 8 desember 2011

103 Fundur með kennurum 8. desember 2011.

104 Fundur með skólastjórnendum, starfsmönnum og foreldrum 7 og 8 desember 2011

105 Athugasemdir frá skólastjóra 20. febrúar 2012.

106 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 82

Samkvæmt skólastjóra þá hefur verið unnið í einhverjum málum sem komu fram í sjálfsmatskýrslu skólans 2010 – 2011. Meðal annars hafa stöður sem losna verið auglýstar og starfsmannasamtöl endurskoðuð og allir stjórnendur fengið þjálfun<sup>107</sup>.

#### 4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er frá árinu 2011. Skólastjóri bendir á að ábyrgðarskipting stjórnenda innan skólans sé óljós og þörf sé á að skilgreina hana á ný. Að hans mati endurspeglir skipuritið sérstöðu skólans, ákvæði laga og reglugerða að mestu, en þó sé skortur á því í tengslum við Námsver. Verkferlar skólans eru til skriflegir en eru þó fæstir í notkun fyrir utan eineltisáætlun og áfallaáætlun skólans sem endurskoðuð er árlega. Til stendur að endurskoða verkferla og fylgja þeim betur eftir<sup>108</sup>.

#### 4.2. Ákvarðanataka

Að sögn starfsmanna og stjórnenda hefur ákvarðanataka innan skólans orðið skilvirkari eftir skólastjóraskiptin í lok nóvember 2011 en að mati kennara var verkaskipting mjög óljós. Útbúið var nýtt skipulag yfir hlutverk starfsmanna og hvert starfsmenn ættu að leita ef t.d. deildarstjóri eða kennari væri upptekinn. Fram kom það viðhorf að upplýsingar um ákvarðanir innan skólans mætti enn bæta<sup>109</sup>.

Aðkoma nemenda að ákvörðunum innan skólans lýtur einna helst að starfi tveggja fulltrúa sem sitja í skólaráði en þar hafa þeir kost á að setja fram formleg erindi. Nemendur hafa annars lítið að segja um námsgreinar og kennsluhætti en hafa áhrif á framboð valgreina til að mynda geta þeir sem stunda íþróttir, björgunarsveitina og hestamennsku fengið það metið sem val<sup>110</sup>.

#### 4.3. Nemendafélag

Nemendafélag er við skólann og hefur kennari á efsta stigi umsjón með starfi þess. Stjórn þess skipa formaður og varaformaður úr 10. bekk<sup>111</sup>. Markmið félagsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda, skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Grunnskólanum. Fulltrúar nemenda í nemendaráði eru valdir með kosningu. Fundir nemendafélagsins eru haldnir vikulega og hefur starfið gengið vel<sup>112</sup>. Nemendafélagið stendur að ýmsum viðburðum. Fulltrúar í nemendafélagi sitja jafnframt í ungmennaráði. Sjá nánar í kafla 6.3.

107 Fundur með skólatjórnum 7. desember 2011 og athugasemdir frá skólastjóra 20.febrúar 2012.

108 Fundur með skólastjór, deildarstjórum, kennurum og starfsmönnum 7 og 8 desember 2011

109 Fundur með skólastjórnum, deildarstjórum, kennurum og starfsfólki 7 og 8 desember 2011

110 Fundur með kennurum 7.desember 2011

111 Nemendafélag af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

112 Fundur með nemendum 8.desember 2011

#### 4.4. Mat úttektaraðila

- Fræðslunefnd (skólanefnd) virðist gegna hlutverki sínu vel en skólaráð virkaði ekki sem skyldi þar til í nóvember 2011. Ráðið kom einungis þrisvar saman skólaárin 2009 - 2011, ekki hefur verið valinn fulltrúi grenndarsamfélagsins og í tíð fráfarandi skólastjóra virðast fulltrúar að mestu hafa verið áheyrnaraðilar. Með breytingum á stjórn skólans sýnist sem jákvæð breyting hafi orðið og ráðið gegni nú viðameira hlutverki og leitað sé eftir álit fulltrúa um tiltekin mál.
- Helstu stjórnendur skólans eru skólastjóri, staðgengill skólastjóra og deildarstjórar. Skipulagið virðist henta skólanum vel að flestu leyti. Úttektaðilar telja þó æskilegt að einn deildarstjóri verði yfir allri sérkennslu sbr. mat í kafla 2.5.
- Samkvæmt foreldrakönnun 2011 kemur fram að um 75% foreldra eru ánægð með stjórnun skólans en í úttektinni kom einnig fram mjög mikil óánægja með stjórnunina hjá einstökum foreldrum. Ljóst er af úttektinni að ekki rétti sátt innan skólans um stjórnun hans í tíð fráfarandi skólastjóra. Kennarar óska nú eftir sterkum leiðtoga. Að mati úttektaraðila er afar brýnt að styðja vel við nýjan skólastjóra. Einnig er mikilvægt að skýra vel verkferla, hlutverk og ábyrgð stjórnenda og þjálfá þá til starfsins.
- Nemendaráð er virkt í skólanum og eru fulltrúar þess valdir með kosningu.
- Nemendur virðast hafa takmarkaða aðkomu að ákvörðunum innan skólans þrátt fyrir setu í skólaráði. Í þróunaráætlun skólans 2010 – 2011 í tengslum við sjálfsmat kemur fram að virkja þurfi skólaráð og nemendaráð betur og skipuleggja þeirra aðkomu að skólastarfinu.<sup>113</sup> Mikilvægt er að því verði fylgt eftir sbr. einn af grunnþáttum aðalnámskrár, lýðræði.

---

<sup>113</sup> Sjálfsmatsskýrsla grunnskóla Grindavíkur 2010-2011.

## 5. NÁM OG KENNSLA

*Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni.<sup>114</sup>*

### 5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni

Eins og áður er komið fram leggur skólinn á núverandi skólaári sérstaka áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, sjá kafla 2.1.1.<sup>115</sup> Skólinn hefur sett af stað þróunarverkefnið. *Af heilum hug* sem m.a. stuðlar að því að auka fjölbreytni kennsluhátta og að kennarar verði áreiðnari við að nýta fjölbreyttari leiðir í kennslu<sup>116</sup>. Samkvæmt starfsáætlun skólans er áætlað að halda áfram vinnu við verkefnið á skólaárinu 2011-2012<sup>117</sup>. Einnig er unnið að þróun kennsluhátta í samstarfi við aðra skóla.

Að sögn kennara, sem rætt var við, eru fjölbreyttir kennsluhættir innan skólans en mest á yngsta stigi. Þó sé kennsla einnig fjölbreytt á mið- og efsta stigi t.d. í dönskukennslu og útikennslu<sup>118</sup>. Skólinn nýtir sér upplýsingatækni til kennslu með hinum ýmsu aðferðum s.s. við upplýsingaöflun, skoðun fréttu ásamt því að nota tölvur, skjávarpa og Smart töflur inn í skólastofum. Upplýsingatækni er kennd á öllum aldursstigum. Í Hópskóla er betri búnaður í þessum efnum, s.s. fartölvuvagn<sup>119</sup>.

Á núverandi skólaári er áætluð vinna með lestur, lesskilning og mótun lestrarstefnu fyrir skólann undir leiðsögn sérkennsluráðgjafa á félagsþjónustu og fræðsluviði Grindavíkurbæjar<sup>120</sup>. Að sögn kennara verkið komið stutt á veg en unnið sé að stefnumótun<sup>121</sup>. Nokkur óánægja sé með að enginn kennari af unglingsstigi sé í hópnum, því hætta geti verið á því að þekking kennara á unglingsstigi varðandi samræmdu prófin verði ekki nýtt sem skyldi.<sup>122</sup> Skólaskrifstofa óskaði eftir því að í hópnum sætu kennarar frá öllum skólastigum en því var hafnað af hálfu fráfarandi skólastjóra.<sup>123</sup> Núverandi skólastjóri segist ekki sjá hvernig vinna við lestrarstefnuna tengist samræmdum prófum.<sup>124</sup>

Nemendum á unglingsstigi býðst fjöldi valnámskeiða, eða alls 35. Þetta er m.a. fjölsmiðja, blaða- og fréttamennska, heilsa og næring og golfkennsla. Val nemenda er að sögn

114 Aðalnámsskrá grunnskóla 2011:34

115 Fundur með skólastjórnendum 7. desember 2011

116 Áhugavert skólaþróunarverkefni af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

117 Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012

118 Fundir með skólastjórnendum og deildarstjórum 7. desember 2011

119 Fundir með skólastjórnendum og deildarstjóra 7. desember 2011

120 Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011 – 2012:18

121 Fundur með kennurum 7. desember 2011

122 Fundur með kennurum 7. desember

123 Athugasemdir frá fræðslunefnd 17.febrúar 2012.

124 Athugasemdir frá skólastjóra 20.febrúar 2012.

stjórnenda og kennara að einhverju marki kynbundið. T.d. höfði námskeiðið *Útlit og framkoma* meira til stúlkna en *Fjölsmiðjan* meira til drengja<sup>125</sup>.

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá miðar við að 9% kennslustunda skóla skuli varið í list- og verkgreinar. Skipting kennslustunda í Grunnskóla Grindavíkur er þannig að hluti verk og listgreina er 15,5%, sjá viðauka 4.

## 5.2. Lýðræði

Að sögn kennara er lítið unnið sérstaklega með lýðræði í skólanum og nemendur sjaldan spurðir álits á skólastarfinu. Nemendur hafa þó vettvang í skólaráði og ungmennaráði. Í tengslum við sjálfsmatsvinnu hafi þó komið fram ábendingar frá nemendum um að of hratt væri farið yfir efni. Það viðhorf kom fram hjá nemendum að ekki sé alltaf hlustað á raddir þeirra, t.d. hefði hefðum við jólaundirbúning verið breytt án samráðs við þá og þeir hefðu lítið um kennslu og nám að segja utan valgreina á unglingsstigi.<sup>126</sup> Í þróunaráætlun skólans 2010 – 2011 í tengslum við sjálfsmat kemur fram að virkja þurfi skólaráð/nemendaráð/foreldrafélag betur og skipuleggja þeirra aðkomu að skólastarfinu.<sup>127</sup> Sjá kafla 4.4.

## 5.3. Þróunarverkefni

Haustið 2010 fór Grunnskóli Grindavíkur af stað með þróunarverkefnið *Af heilum hug* sem miðar m.a. að því að auka fjölbreytni kennsluhátta, öryggis og áræðni kennara við að nýta fjölbreyttar leiðir til kennslu. Áætlað var að verkefnið tæki eitt skólaár. Allir kennarar skólans taka þátt í þróunarverkefninu en vonast er til að það verði upphafið að því að auka enn á fjölbreytni í kennsluháttum og nálgun viðfangsefna ásamt því að slík vinnubrögð nái að festast í sessi í skólanum um ókomna tíð<sup>128</sup>.

Yngsta stig skólans (Hópskóli) tekur þátt í Evrópuverkefni tengt Comeniusaráætluninni í samstarfi við kennara og nemendur frá Tékklandi, Póllandi, Skotlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Verkefnið tengist mat og matargerð en að lokum á að útbúa sameiginlega mataruppskriftabók allra landanna í verkefninu. Áætlað er að verkefninu ljúki í maí 2012<sup>129</sup>.

## 5.4. Endurmenntun

Endur- og símenntunaráætlun fyrir núverandi skólaár (2011-2012) liggur fyrir. Henni er skipt í tvo þætti. Annars vegar þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann til þess að vaxa og

<sup>125</sup> Fundir með deildarstjórum og kennurum 7. desember 2011

<sup>126</sup> Fundur með kennurum og nemendum 7 og 8 desember 2011

<sup>127</sup> Sjálfsmatskýrsla grunnskóla Grindavíkur 2010-2011.

<sup>128</sup> Áhugavert skólaþróunarverkefni af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>129</sup> Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011 – 2012:18

þróast og þætti sem starfsmenn telja æskilega eða nauðsynlega svo þeir geti viðhaldið og/eða aukið færni sína og þekkingu í þeim tilgangi að auka gæði skólastarfsins. Hins vegar þátt skólastjóra sem ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum komandi skólaárs og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skólans. Helstu markmið símenntunaráætlunnar fyrir skólaárið (2011-2012) eru Uppbyggingarstefnan, „How good is our school-vinna” að innra mati skólans m.a. með náms- og kynningaferð starfsfólks til Glasgow, fjölbreyttir kennsluhættir, ljúka við gerð heimanámsstefnu, lestur, lestrakennsla og lestrarstefna, fjölsmiðja, stærðfræðikennsla á unglingastigi og Comeníusarverkefnið *Let's taste Europe*<sup>130</sup>.

Starfsfólk greindi frá að það hafi ekki séð endur- og símenntunaráætlun og segir þörf á skýrari og markvissari stefnu í þessum málum<sup>131</sup>. Að mati kennara er framboð á endurmenntun ekki nægilegt<sup>132</sup>. Í sjálfsmatsskýrslu kemur fram sú skoðun að tækifæri til endurmenntunar séu alls ekki nógu góð og uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru um endurmenntun kennara í kjarasamningum<sup>133</sup>. Einnig kom það viðhorf fram að styrkir til sí- og endurmenntunar væru af skornum skammti og dragi það úr vilja starfsmanna til að sækja fyrirlestra og námskeið. Þá kom fram að viðhorf að skortur væri á einstaklingsáætlum í sí- og endurmenntun ásamt því að auka þyrfti kynningu og fræðslu starfsmanna á því hvaða námskeið standi þeim til boða<sup>134</sup>.

Það viðhorf kom fram hjá kennurum að félagsþjónustu- og fræðsluvið Grindavíkurbæjar mætti auka faglega þjónustu við starfsmenn skólans og framboð námskeiða fyrir starfsmenn á vegum sveitarfélagsins<sup>135</sup>. Stuðningi skólans og sveitarfélagsins við nýja grunnskólakennara og aðra starfsmenn er að sögn kennara ábótavant. Nýir kennarar fá þó leiðsagnarkennara, en almennum starfsmönnum sé „hent út í djúpu laugina” án fræðslu og stuðnings. Ennfremur hefur skort á að starfsmenn séu fræddir um stefnu skólans<sup>136</sup>. Að sögn skólastjóra fer deildarstjóri yfir það helsta með öllu nýju starfsfólki.<sup>137</sup>

## 5.5. Mat úttektaraðila

- Skólinn leggur á núverandi skólaári sérstaka áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, sjá kafla 2.1.1 og hefur sett af stað þróunarverkefnið *Af heilum hug* sem m.a. stuðlar að

<sup>130</sup> Símenntunaráætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011 - 2012

<sup>131</sup> Fundir með starfsfólki Grunnskóla Grindavíkur 7 og 8 desember 2011

<sup>132</sup> Fundur með kennurum og deildarstjórum 7. desember 2011

<sup>133</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011: bls. 82

<sup>134</sup> Fundur með starfsmönnum 7 og 8 desember 2011

<sup>135</sup> Fundur með kennurum 7. desember 2011

<sup>136</sup> Fundur með kennurum 7. desember 2011

<sup>137</sup> Athugasemdir frá skólastjóra 20. febrúar 2012.

því að auka fjölbreytni kennsluhátta. Samkvæmt starfsáætlun skólans er áætlað að halda áfram vinnu við verkefnið á núverandi skólaári. Mikilvægt er að fylgja verkefninu vel eftir og það verði samþætt vinnu við endurskoðun skólanámskár.

- Hlutur list- og verkgreina í kennslu er talsvert meiri en viðmið aðalnámskrá gerir ráð fyrir eða 15,5% miðað við 9% sem bendir til fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- Skólinn nýtir upplýsingatækni að einhverju marki í kennslu. Í aðalnámskrá segir að meðal námsgagna skulu vera tölvuforrit, efni á Netinu og margmiðlunarefni.<sup>138</sup> Fartölvuvagnar í Hópskóla virðast hafa leitt til þess að upplýsingtæknin sé meira notuð í námi og því má álykta að slíkt hið sama gerðist væru fartölvuvagnar einnig til staðar í eldri byggingu skólans.
- Skólinn býður upp á fjölbreytt og áhugaverð valnámskeið, m.a. í samvinnu við skóla og vinnustaði sveitarfélagsins og tekur þannig mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins.<sup>139</sup> Val nemenda er að einhverju leyti kynbundið í einstökum námskeiðum. Til að byggja undir upplýst val nemenda er hér vísað til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla<sup>140</sup> þar sem segir að á „öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.”
- Nemendur hafa hingað til haft lítil áhrif á ákvarðanatöku í skólastarfinu, hlusta megi meira á þeirra raddir og samráð við þá aukið.
- Endurmenntunaráætlun liggur fyrir í skólanum en starfsfólk virðist ekki þekkja hana nægilega vel. Framboð á markvissri endurmenntun fyrir kennara, t.d. í samvinnu við önnur sveitarfélög, er ekki nægjanlegt.
- Stuðningi skólans og sveitarfélagsins við nýja grunnskólakennara og almenna starfsmenn er ábótavant. Starfsmenn telja sig fá litla fræðslu í upphafi starfs.

---

138 Aðalnámskrá grunnskóla 2011: 34

139 Aðalnámskrá grunnskóla 2011: 35

140 Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 23. gr.



## 6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

*Nemendur þurfa að læra að umgangast hver annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skóla- reglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi.<sup>141</sup>*

Starfsmenn, sem rætt var við í úttektinni, voru ekki á sama máli um starfsanda og skólabrag Grunnskóla Grindavíkur. Það helsta sem hefur að þeirra mati haft neikvæð áhrif á starfsanda og skólabrag hafi verið lítil samheldni og mikil togstreita meðal starfsmanna, lítill stuðningur frá foreldrum, spennuþrungið andrúmsloft og erfið mál sem komið hafi upp. Greint var frá því að seinustu mánuðir hafi verið erfiðir en nú sé að birta til og starfsandi og skólabragur sé jákvæðari nú en áður meðal annars með aukinni samstöðu starfsmanna<sup>142</sup>.

Allar áætlanir skólans s.s. móttökuáætlanir, eineltisáætlanir og áætlun til að fyrirbyggja ofbeldi er að finna í handbók starfsmanna sem er hluti af skólanámskrá<sup>143</sup>. Starfsmenn skólans sögðust þekkja áætlanirnar en að unnið væri misjafnlega með þær<sup>144</sup>.

Að sögn starfsmanna og nemenda í rýnihópum er skýrt til hverra nemendur eiga að leita ef upp koma vandamál en bæði starfsmenn og nemendur tilgreina að leita eigi til umsjónarkennara<sup>145</sup>. Að sögn kennara eru þeir ekki samstíga varðandi agamál.<sup>146</sup>

Stefna Grunnskóla Grindavíkur er að tekið sé á agavandamálum með kerfisbundnum hætti með notkun Uppbyggingarstefnunnar. Skortur er þó á fræðslu nýrra starfsmanna um stefnuna og hefur hún því ekki náð fótfestu að mati starfsmanna. Fráfarandi skólastjóri hafi lagt lítið upp úr að halda henni gangandi<sup>147</sup>. Að sögn kennara styðjast sumir kennarar við Uppbyggingarstefnuna og ART (Agression Rplacement Training) en aðrir kennarar styðjist við hvorugt.<sup>148</sup>

Í foreldrakönnun sem gerð var sem hluti af sjálfsmati skólans árið 2010 – 2011 kemur fram að 20,7% foreldra telja að aginn í skólanum sé góður, 45,7% foreldra töldu hann

141 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32

142 Fundur með starfsmönnum Grunnskóla Grindavíkur 7. og 8. desember 2011

143 Handbók starfsmanna Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012

144 Fundur með starfsmönnum Grunnskóla Grindavíkur 8. desember 2011

145 Fundur með starfsmönnum og nemendum Grunnskóla Grindavíkur 8. desember 2011

146 Viðtal við kennara 8. desember 2011.

147 Fundur með starfsmönnum og nemendum Grunnskóla Grindavíkur 7. og 8. desember 2011

148 Viðtal við kennara 8. desember 2011.

vera sæmilegan, 21,7% töldu talsvert agaleysi viðgangast og 7,6% tilgreindu að aginn í skólanum væri mikið vandamál. Aðgerðaráætlun liggur fyrir í kjölfar niðurstaðna<sup>149</sup>.

## 6.1. Einelti

Eineltisáætlun gagnvart nemendum er til í Grunnskóla Grindavíkur. Áætlunin var gerð í október 2006 en var endurskoðuð í byrjun núverandi skólaárs. Í áætluninni kemur fram stefnuyfirlýsing skólans sem segir að starfsfólk skólans telji mjög mikilvægt að öllum líði vel í skólanum og að sá grundvallaréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur; að skólinn leggi áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum innan skólans þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir bæði orðum sínum og gjörðum og að leitað verði allra ráða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.<sup>150</sup>

Í áætluninni er fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og eru þær meðal annars að námsefni og samvinnuleikir séu valdir með tilliti til aldurs, að starfsfólk skólans verði nemendum fyrirmynd í framkomu, að eineltisteymi fari yfir stöðu mála í skólanum einu í mánuði og að könnun á líðan verði lögð fyrir árlega í 3. – 10. bekk. Ef nemandi greini frá einelti þá muni sá nemandi funda með umsjónarkennara, foreldri og námsráðgjafa þar sem betur sé farið yfir líðan hans. Einnig er minnst á ábyrgð heimila og skóla m.a. á fræðslu nemenda um einelti og viðbrögðum við einelti<sup>151</sup>.

Eineltisteymi er starfandi við skólann og er það hlutverk skólustjóra að kalla teymið saman. Teymið er skipað skólustjóra eða deildarstjóra stigs, hjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa og félagsráðgjafa. Hlutverk teymisins er að taka til meðferðar mál sem ekki hefur tekist að leysa á frumstigi hjá umsjónarkennara og deildarstjóra og skilgreind hafa verið eineltismál. Einnig hefur teymið umsjón með vinnu eineltismála innan skólans ásamt því að veita kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn<sup>152</sup>.

Í forelðrakönnun sem var hluti af sjálfsmati skólans 2010 – 2011 kom fram að mikill meirihluti foreldra (75,8%) telur að barni/börnum sínum líði vel í skólanum. Í könnuninni er einnig spurt um hvort barn þeirra hafi orðið fyrir einelti og tilgreindu um 19% forelda að svo væri. Aðeins 12 % foreldra segjast aldrei hafa orðið varir við einelti í skólanum og 30,8% segjast hafa orðið mjög oft eða oft vör við einelti í skólanum. Einnig kemur fram að aðeins 5,5% foreldra telja að tekið sé á eineltismálum með festu og öryggi og að 28,6% foreldra telja að ekki sé nógu vel tekið á eineltismálum.

Ekki virðist því ríkja sátt meðal foreldra um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Eitt foreldri tekur fram í athugasemdum könnunarinnar að huga þurfi betur að útiveru og

149 Sjálfsmatsskýrsla Geunnskóla Grindavíkur 2009 – 2010, bls. 20 og 78.

150 Eineltisáætlun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

151 Eineltisáætlun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

152 Eineltisáætlun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

taka á einelti í fæðingu, sérstaklega andlegu einelti. Foreldrar virðast vera meðvitaðir um að upplýsa börn sín um einelti en 91,2% foreldra tilgreina að þeir hafi oft eða nokkrum sinnum rætt við barn sitt um einelti<sup>153</sup>.

Nýjustu eineltiskannanir í skólanum hafa verið þannig að nemendur hafa þurft að tilgreina nafn sitt. Stjórnendur og starfsfólk eru ánægð með svörun og niðurstöður. Árið 2010 var einelti í skólanum 13% og 6% árið 2011. Að sögn námsráðgjafa er mikill kostur við að hafa nöfn barnanna á bak við könnunina. Það sé helsta ástæðan fyrir lækkun á milli ári, þ.e. að farið var markvisst yfir hvert einasta nafn í könnuninni og rætt við þau börn sem töldu sig verða fyrir einelti. Öllum var boðið viðtal og umsjónarkennari hringi heim til allra ef nemendum líður illa. Að sögn námsráðgjafa hefur náðst að brjóta niður ákveðna hegðun og mynstur. Einstaklingar sem leggja í einelti fá líka viðtöl og sumir hafa endað á reiðinámskeiði sem er haldið í skólanum. Námsráðgjafi telur að nú sé verið að vinna í tveimur eineltismálum af fullum þunga. Kerfið sé að skila skólanum árangri, þetta sé „nálarauga“. Unnið sé eftir gátlista og hakað við ef árangur skilar sér. Á síðasta ári fór námsráðgjafi í alla bekki og skilgreindi betur hugtakið einelti, því sumir nemendur misskildu hugtakið<sup>154</sup>

Í úttektinni kom fram hjá foreldrum að börnin svari ekki alltaf heiðarlega m.a. vegna þess að þau telji ákveðna kennara leggja börnin í einelti og því séu því ekki tilbúin að segja rétt frá af ótta við að verða tekin fyrir af kennara í kjölfar niðurstaðna.<sup>155</sup> Að sögn skólustjóra hafa þessar upplýsingar ekki komið til eineltisteymis sem sé skipað hlutlausum aðilum og því hægt um vik að koma þeim á framfæri.<sup>156</sup> Einnig sögðu foreldrar að ekki væri að þeirra mati leyfilegt að gera könnun á nafn án samþykktar. Fram kom hjá félagsráðgjafa, sem situr í eineltisteymi skólans, að gerð hefði verið grein fyrir könnun á nafn í Mentor og að foreldrar hefðu verið beðnir að hafa samband við skólann væru þeir ekki sáttir við að könnunin væri þannig. Svo virðist sem ekki hafi allir foreldrar séð þau skilaboð.<sup>157</sup> Skólustjóri segir að bréf hafi verið sent til allra nemenda/foreldra, þar sem farið var yfir framkvæmd könnunarinnar og foreldrar beðnir um að láta vita ef þeir óskuðu eftir því að börn þeirra tækju ekki þátt í henni.<sup>158</sup>

Stjórnendur og starfsmenn segjast ánægðir með að dregið hefur úr einelti á milli ára og telja að eineltisteymi sé mjög virkt. Námsráðgjafi vinni úr niðurstöðum og þær séu birtar fyrir hvern bekk og fyrir skólann í heild. Einnig sé fylgst með hverjum nemanda fyrir sig. Fram kom í samtali við félagsráðgjafa að eineltissteymið fundi nú reglulega sem ekki hafi

153 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 -2011, bls. 35

154 Viðtal við námsráðgjafa 9.desember 2012.

155 Rýnihópur foreldra 7.desember 2011.

156 Athugasemdir frá skólustjóra 20.febrúar 2012.

157 Viðtal við félagsráðgjafa í janúar 2012.

158 Athugasemdir frá skólustjóra 20.febrúar 2012.

verið áður. Mikill þrýstingur sé á kennara frá teyminu að hafa samband við foreldra og náms- og starfsráðgjafi ræði við börn sem líði illa. Að mati skólastjórnenda er ósanngjörn umræða í garð skólans, m.a. um eineltismál.

Í byrjun janúar 2012 skrifuðu allir nemendur Grunnskóla Grindavíkur undir sáttmála gegn einelti og tóku þátt í umræðu um jákvæð samskipti í desember 2011. Meginmarkmið með þessari aðgerð er m.a. að auka jákvæðni og virðingu meðal nemenda og fylgja eftir útgáfu á bæklingi um einelti sem gefinn var út í Grindavík.<sup>159</sup>

Forvarnar- og viðbragðsáætlun vegna eineltis í starfsmannahópnum liggur ekki fyrir<sup>160</sup>.

## 6.2. Jafnrétti

***Samkvæmt lögum nr.10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.<sup>161</sup> Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.<sup>162</sup>***

Jafnréttisáætlun fyrir starfsfólk er til í Grunnskóla Grindavíkur. Samkvæmt skólastjóra er reynt að vinna eftir henni t.d. í sjálfsmati og auglýsingum. Yfirmarkmið áætlunarinnar er að koma á og viðhalda jafnrétti kynjanna og stuðla að því að hver og einn einstaklingur verði metinn á eigin forsendum, að virtur og nýttur sé sá auður sem fólgin er í fjölbreytileika, að starfsfólk hafi sömu möguleika og sama rétt óháð kyni innan síns verksvið og útrýming kynbundins mismunar. Í áætluninni eru sett fram átta stefnumið ásamt leiðum til þess að ná þeim<sup>163</sup>.

Einnig kemur fram í áætluninni að við skólann starfar Jafnréttisráð sem er skipað einum fulltrúa stjórnanda, einum fulltrúa kennara og einum fulltrúa annars starfsfólks. Hlutverk ráðsins er að endurskoða og uppfæra árlega upplýsingar er varða hlutfall karla og kvenna, launaflokka, yfirvinnu og aðra þætti er varða rétt starfsfólks. Einnig er það hlutverk jafnréttisráðs að umræða um jafnréttismál sé tekin upp á starfsmannafundi hvert haust<sup>164</sup>. Í síðustu sjálfsmatsáætlun er eitt af verkefnum að auka virkni jafnréttisráðs.<sup>165</sup> Fundargerðir jafnréttisráðs liggja ekki fyrir á heimasíðu og gögn frá ráðinu eru frá árinu 2007.

<sup>159</sup> Tekið af heimasíðu Grunnskóla Grindavíkur [www.grindavik.is/grunnskoli](http://www.grindavik.is/grunnskoli) 24.janúar 2012.

<sup>160</sup> Athugasemdir fræðslunefndar 17.febrúar 2012.

<sup>161</sup> Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

<sup>162</sup> Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

<sup>163</sup> Jafnréttisáætlun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>164</sup> Jafnréttisáætlun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>165</sup> Sjálfsmatskýrsla Grunnskóla Grindavíku 2010 – 2011.

Haustið 2007 var tekin í notkun sérkennslustofa fyrir tvítyngda nemendur. Fræðslufirvöld úthluta sérstökum stundum til nýbúakennslu umfram almenna sérkennslu. Eins var ráðinn sérstakur kennari til að sinna þessari kennslu en kennsla nýbúa hafði að sögn skólastjóra farið fram í mörg ár þar á undan<sup>166</sup>. Skipulag íslensku sem annars tungumáls tekur mið að aldri, þroska og þörfum nemenda á hverju stigi.<sup>167</sup>

### 6.3. Félags- og tómstundastarf

Nemendafélag er við skólann og hittist það einu sinni í viku og skipuleggur viðburði skólaársins. Viðburðir sem nemendafélagið hefur staðið fyrir eru m.a. haustball fyrir mið- og elsta stig, jólaball, öskudagsskemmtun, þemadagar og íþróttadagur<sup>168</sup>. Einnig er haldnar þrjár árshátíðir fyrir nemendur hvers stigs fyrir sig. Á árshátíð yngsta stigs kemur hver bekkur fram með atriði. Árshátíð miðstigs fer fram með sama móti en að auki býðst nemendum 5. og 6. bekkjar að sækja dansleik sem haldinn er að kvöldi árshátíðardags elsta stigs. Á árshátíð elsta stigs setur hópur nemenda upp stórt leikrit undir stjórn leikstjóra. Ennfremur er nemendum boðið upp á árshátíðardansleik um kvöldið<sup>169</sup>.

Þátttaka nemenda í félags- og tómstundastarfi er að sögn skólastjóra nánast undantekningarlaust mjög góð. Einnig fari félags- og tómstundastarf fram á vegum bæjarins. Þar fari fram „gríðarlega gott starf“.<sup>170</sup> Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti á fundi sínum 26. október 2011 að koma á fót Ungmennaráði Grindavíkur. Hlutverk ráðsins er að vera bæjarstjórn ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára í sveitarfélaginu í umboði frístunda – og menningarnefndar. Ráðið er skipað sjö aðilum, þ.e. þremur fulltrúum úr 8. – 10. bekk Grunnskóla Grindavíkur, tveimur fulltrúum frá félagsmiðstöðinni og tveimur fulltrúum úr aldurshópnum 16 – 18 ára.<sup>171</sup>

Stjórn starfsmannafélagsins er kosin á hverju ári. Hún sér um skipulag á félagslífi starfsmanna þar sem reynt er að vera með atburði sem höfða til sem flestra bæði innan skólans og utan. Má þar nefna jólagleði, vinadaga, Lífshlaupið, óvissuferðir o.fl.<sup>172</sup>

166 Athugasemdir frá skólastjóra 20.febrúar 2012.

167 Heimsókn í Grunnskóla Grindavíkur, 8.desember 2012 og sótt af heimasíðu Grunnskóla Grindavíkur 8. febrúar 2012.

168 Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011 – 2012: bls. 12

169 Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011 – 2012: bls. 12-14

170 Rýnihópur nemenda, 9.desember 2012.

171 Tekið af heimasíðu Grunnskóla Grindavíkur 20. febrúar 2012

172 Athugasemd frá skólastjóra 20.febrúar 2012.

## 6.4. Mat úttektaraðila

- Skólabragur Grunnskóla Grindavíkur hefur verið nokkuð neikvæður síðustu ár. Starfsandi hefur ekki verið góður og lítið gert til að byggja upp jákvæðan skólabrag. Greint var frá því að starfsandi og skólabragur væri jákvæðari nú á síðustu mánuðum meðal annars með aukinni samstöðu starfsmanna.
- Skólinn hefur tekið á agavandamálum með misjöfnum hætti. Skortur er á sameiginlegri sýn starfsmanna á agastefnu, fræðslu til nýrra starfsmanna um agastefnu skólans og endurmenntun annarra starfsmanna.
- Brugðist er við einelti með formlegum hætti og hafa allir nemendur skrifað undir sáttmála gegn einelti. Ekki ríkir full sátt um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Að mati úttektaraðila er kostur og galli við núverandi fyrirkomulag eineltiskannana sem skólinn framkvæmir. Kosturinn er að markvisst er farið yfir hvert einasta nafn sem kemur fram í könnuninni og öll frávik skoðuð vandlega og námsráðgjafi er með markvissa fræðslu. Ákveðin hætta er hinsvegar á að einhverjir nemendur séu ekki fullkomlega heidarlegir í svörum, t.d. þeir sem telja sig verða fyrir einelti af hálfu kennara eða starfsmanna eins og kom fram í viðtölum við nokkra foreldra. Ekki fékk staðfest hjá Persónuvernd hvort skólinn fékk samþykki fyrir framkvæmd könnunarinnar, en í öðrum eineltiskönnunum, t.d. Olweus, er alveg tekið fyrir að kannanir séu gerðar á nöfn og niðurstöður ekki birtar fyrir minni hópa en þar sem eru 25 stúlkur og 25 drengir.<sup>173</sup>
- Að sögn stjórnenda og starfsmanna er skýrt til hverra nemenda eiga að leita ef upp koma vandamál með nýrri verkáætlun. Kynna þarf betur nýtt verkskipulag fyrir skólanefnd, foreldrum og nemendum.
- Áætlanir (s.s. móttökuáætlanir, eineltisáætlun, áætlun til að fyrirbyggja ofbeldi) liggja fyrir en unnið misjafnlega með þær.
- Jafnréttis meðal nemenda er gætt í flestum tilvikum (beggja kynja, nemenda af erlendu bergi brotnu og fötludum). Skólinn og yfirvöld hafa þó verið gagnrýnd vegna úrræðileysis í einstökum málum.
- Skólinn stendur fyrir fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi. Nemendur hafa áhrif á framboð í gegnum nemendafélag, skólaráð og ungmennaráð.

<sup>173</sup> Viðtal við framkvæmdastjóra Olweusaráætlunar í janúar 2012.

## 7. INNRA MAT

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*  
174

Grunnskóli Grindavíkur byggir innra mat skólans á Gæðagreini (*e. How good is our school*). Skólaárið 2010 – 2011 var í fyrsta sinn sem unnið var með Gæðagreini en áður hafði skólinn notast við matstækið Grunnskólarýni<sup>175</sup>. Gæðagreinir er sjálfsmatslíkan af skoskum uppruna, byggt á áralangri þróun.<sup>176</sup>

### 7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Skv. líkaninu er skólastarfinu skipt niður í níu gæðagreina: Heildarárangur, áhrif á nemendur, áhrif á starfsfólk, áhrif á samfélagið, menntun, stefnumótun og áætlanagerð, starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk, samvinna og búnaður og forysta<sup>177</sup>. Hver gæðagreinir er svo greindur nánar í sterkar og veikar hliðar skólans, hvað hægt er að vera sammála um að sé mikilvægt, tillögur um aðgerðir og heildareinkunn. Út frá þessari greiningu er svo gerð þróunaráætlun sem segir til um hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvenær þeirri vinnu á að vera lokið, hvað þarf til og hvernig eigi að meta árangurinn<sup>178</sup>.

Skólinn hefur gert þriggja ára áætlun um sjálfsmat þar sem tilgreint er hvað taka eigi fyrir í sjálfsmati á fyrsta ári og skiptingu niður á mánuði. Áætlað er að skólinn hafi lokið vinnu við alla gæðagreinana níu árið 2013<sup>179</sup>. Skólaárið 2010 - 2011 voru áhrif starfsfólks, menntun og starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk skoðuð.

### 7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Allir starfsmenn skólans taka þátt í innra mati með hópavinnu og kom það viðhorf fram að sú vinna hafi verið álitin mjög skemmtileg<sup>180</sup>. Þátttaka nemenda í innra mati skólans byggir á svörum þeirra við könnunum t.d. um líðan og öðrum könnunum frá Rannsóknunum og greiningu<sup>181</sup>. Foreldrar nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk hafa komið að innra mati með því að svara könnun sem lögð er fyrir þá um mat á þáttum er snúa að innra mati skólans<sup>182</sup>.

174 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36.gr..

175 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 10

176 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 6

177 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 7 - 8

178 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 80 - 102

179 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 13

180 Fundur með starfsmönnum 8. desember 2011

181 Fundur með nemendum 8. desember 2011

182 Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, bls. 14

### 7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í skólanum er lagt mat á frammistöðu kennara. Deildarstjórar eiga starfsmannasamtöl við undirmenn sína þar sem notast er við undirbúningsblað við mat á frammistöðu sem síðan er borið saman við fyrri ár. Þá er leitast eftir mati starfsmanna á eigin frammistöðu<sup>183</sup>.

### 7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Fræðslunefnd hefur gagnrýnt vinnubrögð fráfarandi skólastjóra í tengslum við sjálfsmatsskýrslu og umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats<sup>184</sup>. Núverandi skólastjóra var veittur frestur á skilum á sjálfsmati til 6. desember 2011. Ekki er talið að innra mat hafi verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun eða skýrri umbótaáætlun í lok hvers skólaárs þar sem tekið er mið af niðurstöðum innra mats. Ekki sé skýrt innan skólans hver sé ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni og niðurstöður hafa ekki verið kynntar öllum hagsmunaaðilum. Skiptar skoðanir komu fram í úttektinni á því hvort skólinn hafi nýtt sér niðurstöður samræmdra prófa og PISA til umbótastarfs.<sup>185</sup>

Samkvæmt foreldrum þá hafa niðurstöður innra mats verið kynntar fyrir þeim en þó „á hlaupum” og þeim bent á að kynna sér betur niðurstöður<sup>186</sup>. Niðurstöður úr foreldrakönnunum liggja ekki fyrir á heimasíðu skólans.

### 7.5. Mat úttektaraðila

- Skólinn styðst við Gæðagreini í sjálfsmati sínu og liggur fyrir áætlun til ársins 2013. Svo virðist sem áætlun hafi ekki að öllu leyti verið fylgt eftir.
- Lagt er mat á frammistöðu kennara í starfsmannasamtölum og hafa allir stjórnendur skólans, ásamt stjórnendum sveitarfélagsins sótt fræðslu um starfsmannasamtöl.
- Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats hefur verið ófullnægjandi og því ekki verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun eða umbótaáætlun í lok hvers skólaárs. Ekki er skýrt innan skólans hver sé ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni í kjölfar innra mats og niðurstöður ekki kynntar öllum hagsmunaaðilum. Skólinn má nýta betur niðurstöður samræmdra prófa og PISA til umbótastarfs og kynna það fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.
- Skólinn hefur ekki birt opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

183 Fundir með deildastjórum og kennurum 7. desember 2011

184 Fundur nr.3 í fræðslunefnd Grindavíkurbæjar, 8.nóvember 2011.

185 Fundur með fulltrúum úr fræðslunefnd og sviðsstjóra fálagsþjónustu- og fræðsluviðs 8.desember 2011.

186 Fundur með foreldrum 8. desember 2011



## 8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

*Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skólaog heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar umstarfið í skólanum".<sup>187</sup>*

### 8.1. Samstarf

Foreldrar sitja bæði í stjórn foreldrafélags og eru bekkjarfulltrúar. Samskiptadagar skólans eru tvisvar á ári en þá mæta nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum í skólann, sjá nánar í kafla 3.3.1<sup>188</sup>

Í foreldrakönnun í tengslum við sjálfsmat skólans skólaárið 2010 – 2011 segjast um 85% foreldra vera mjög ánægð eða ánægð með skólann og 83% mjög ánægð eða ánægð með kennsluna. 90% foreldra tilgreina jákvætt viðhorf til umsjónarkennara barnanna og sama hlutfall segir samstarfið hafa verið mjög gott eða fremur gott og að börnum þeirra sé mjög vel sinnt í skólanum og að þau fái að njóta sín. 86% þeirra foreldra sem tóku þátt í könnuninni segjast sátt við tímasetningar foreldraviðtala eins og fyrirkomulagið er í dag.<sup>189</sup>

Fram kom hjá mörgum, sem rætt var við í úttektinni, að virkt samstarf væri á milli skólans og grenndarsamfélagsins, þó meira samstarf við menningarlíf og æskulýðsstarf en atvinnulíf. Þó sé samstarf við fyrirtæki í tengslum við val nemenda. Sem dæmi þá taka nemendur þátt í menningarviku og syngja fyrir eldri borgara<sup>190</sup>.

### 8.2. Lýðræði og þátttaka

Að sögn foreldra, sem rætt var við, þá er þátttaka þeirra í skólastarfinu misjöfn og fari það að mestu eftir viðhorfi foreldra til hlutverks þeirra í skólastarfinu. Það viðhorf kom fram að algengt sé að foreldrar sækist lítið eftir að vera þátttakendur í skólastarfinu t.d. sé algengt að foreldrar vilji að heimanám sé klárað á skólatíma. Helmingur þeirra foreldra sem staðfest höfðu þátttöku í rýnihópi foreldra vegna úttektar mættu ekki. Viðstaddir foreldrar voru spurðir hvort mæting foreldra væri dæmi um áhugaleysi og sögðust þeir því sammála<sup>191</sup>.

Misjafnar skoðanir voru meðal foreldra á því hversu auðvelt væri að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann. Sumir sögðu það auðvelt á meðan aðrir sögðu ekkert hlustað á sig í skólanum. Bent var á að ef foreldrum finnst þeir ekki koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann hafi þeir möguleika á að leita til foreldrafélags og/eða skólaráðs. Þó kom fram það sjónarmið að tengsl skólans við sveitarfélagið gætu flækt mál þar sem sumir starfsmenn sitji beggja vegna borðsins. Sem dæmi væri yfirmaður

<sup>187</sup> Lög um grunnskóla nr.91/2008

<sup>188</sup> Tekið af heimasíðu Grunnskóla Grindavíkur, [www.grindavik.is/grunnskolin](http://www.grindavik.is/grunnskolin) 8.febrúar 2012

<sup>189</sup> Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010-2011: 14

<sup>190</sup> Fundir með skólaráði og nemendum 8. desember 2011

<sup>191</sup> Fundir með foreldrum 8. desember 2011

skólans yfir félagsþjónustunni og starfsmenn sveitarfélagsins ættu maka innan skólans. Nauðsynlegt sé fyrir foreldra að geta leitað til óháðs aðila. Ennfremur kom það viðhorf fram að vegna smæðar samfélagsins væri eitthvað um að upplýsingar um nemendur hafi borist utanaðkomandi aðilum<sup>192</sup>.

Kennarar skólans sögðust almennt ánægðir með samstarf við foreldra en bentu á að misjafnt væri hversu virkir bekkjafulltrúar væru og þar mætti bæta úr<sup>193</sup>. Það viðhorf kom fram meðal bæði foreldra og kennara að tengsl foreldra við menntun barna sinna mætti vera meiri. Fram kom að foreldrafélagið sé að berjast fyrir því með því að stuðla að aukinni virkni bekkjafulltrúa.<sup>194</sup>

### 8.3. Upplýsingaflæði

Í foreldrakönnun 2011 kemur fram að um 40% foreldra telja að upplýsingar frá skólanum sem þau fá um barnið sitt (nám þess, gengi og líðan) séu mjög gagnlegar og 53% telja að þau séu frekar gagnlegar. Um 70% foreldra segjast hafa sótt kynningarfund fyrir foreldra á þessu skólaári og 68% þeirra segja að upplýsingar hafi verið mjög/frekar gagnlegar á fundinum.<sup>195</sup>

### 8.4. Mat úttektaraðila

- Mikill meirihluti foreldra er skv. könnunum ánægður með skólann, samstarf, kennsluna og umsjónakennara. Skv. könnunum er það þó misjafnt eftir bekkjum.
- Aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið er ágætur, m.a í gegnum Mentor og heimasíða sem er upplýsandi en mætti þó bæta enn frekar.
- Foreldrar gætu tekið enn virkari þátt í skólastarfinu og er mjög jákvætt að foreldrafélagið beiti sín í þeim efnum. Frumkvæði skólans gæti einnig verið meira.
- Foreldrar eiga misauðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann en fara þau helst í gegnum Mentor. Foreldrar koma annars ekki mikið að ákvarðanatöku um skólastarfið. Úttektaraðilar benda á að vegna smæðar samfélagsins getur verið erfitt fyrir foreldra að koma með ábendingar um skólastarfið til sveitarfélagsins, þar sem fulltrúar sveitarfélagsins tengjast persónulega kennurum og stjórnendum skólans. Því væri æskilegt að erfið mál gætu farið í formlegra ferli til óháðs aðila, t.d. í gegnum stærri skólaskrifstofu sem væri þá hjá Reykjanesbæ, eða öðru sveitarfélagi.
- Gott samstarf virðist vera um menningu og æskulýðsstarf en minna er um samstarf við atvinnulífið í Grindavík.

<sup>192</sup> Fundur með foreldrum 8. desember 2011

<sup>193</sup> Fundur með kennurum 7. desember 2011

<sup>194</sup> Fundur með foreldrum 8. desember 2011

<sup>195</sup> Niðurstöður úr foreldrakönnun fyrir 7.bekk, 4 bekk og 2 bekk 2011.

## 9. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS

*Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.<sup>196</sup>*

Grunnskóli Grindavíkur fær sérfræðiþjónustu frá félagsþjónustu- og fræðsluviði Grindavíkurbæjar. Á skrifstofunni starfar sviðsstjóri, sérkennslufulltrúi, þroskaþjálfari, félagsráðgjafi og sálfræðingur.

### 9.1. Fyrirkomulag og aðgengi

Sérfræðiþjónusta er aðgengileg þeim nemendum sem glíma við vandamál sem hafa eða eru líkleg til að hafa áhrif á nám þeirra. Sérfræðiþjónustan kemur þó aðeins til ef formleg tilvísun liggur fyrir. Þeir sem geta átt frumkvæði að athugun og greiningu einstakra nemenda eru forráðamenn barna, starfsmenn skóla, skólaskrifstofa, félagsþjónusta og heilsugæsla. Þó er ávallt nauðsynlegt að samþykki foreldra liggja fyrir. Allar tilvísanir eru lagðar fyrir starfsmenn skólaskrifstofu á vikulegum fundum þar sem þær eru skráðar, aðgerðir sérfræðiþjónustu ákveðnar og lyktir málsins ákvarðaðar<sup>197</sup>.

Sérfræðingar félagsþjónustu- og fræðsluviðs, þ.e. félagsráðgjafi, sálfræðingur, sérkennslufulltrúi og þroskaþjálfari eru með fasta viðveru í skólanum einu sinni í viku og getur starfsfólk þá leitað til þeirra. Talmeinafræðingur kemur einnig í skólann en sú þjónusta er aðkeypt. Jafnframt eru formlegir skilafundir í kjölfar greininga en annars er ekki um aðra formlega fundi sérfræðinga félagsþjónustu og víðeigandi starfsmanna skólans að ræða en sérfræðingar frá félagsþjónustu og fræðsluviði sitja fundi nemendaverndaráðs.

Fram kom að foreldrar leituðu ekki mikið beint til sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðsluviði með mál einstakra nemenda. Sérfræðiþjónustan hafi ekki verið kynnt fyrir þeim og þeir þurft að leita eftir henni sjálfir<sup>198</sup>. Að sögn sérfræðings á sviðinu virðast foreldrar ekki nýta sér mikið að fá viðtal við sérfræðing þegar hann kemur í skólann. Hugsanlega sé það ekki kynnt foreldrum nægilega vel.<sup>199</sup> Upplýsingar um sérfræðiþjónustuna liggur fyrir á heimasíðu skólans og Grindavíkurbæjar.<sup>200</sup>

Fram komu skiptar skoðanir hjá starfsmönnum og stjórnendum um samskipti við bæjaryfirvöld og félagsþjónustu- og fræðsluviðið sem hefur séð um alla skólaþjónustu

<sup>196</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 40. gr.

<sup>197</sup> Sérfræðiþjónusta af vef Grindavíkurbæjar

<sup>198</sup> Rýnihópar foreldra 8. desember 2011

<sup>199</sup> Rýnihópur foreldra 8. desember 2011 og símaviðtöl við sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðsluviði janúar 2012

<sup>200</sup> Heimasíða Grunnskóla Grindavíkurbæjar, [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)

síðastliðin þrjú ár. Annars vegar kom fram sú skoðun að sviðið hefði verið lengi að komast í gang og samstarfið að virka en gengi betur nú og skólinn væri sjálfur duglegri við að nýta sér þjónustuna. Að sögn starfsfólks og sérfræðinga innan skólans þarf að skýra betur hlutverk skólans í tengslum við erfið mál.

Hins vegar kom fram það sjónarmið að skólinn væri „svolítið faglega einangraður.“ Skólastjóri sagði að ekki hafi gengið nógu vel hjá skólanum sjálfum að halda teyrum gangandi og eftirfylgni faglegs starfs væri ekki nægjanlegt. Það viðhorf kom fram að meira frumkvæði mætti koma frá félagsþjónustu- og fræðslusviðinu en hjá starfsmönnum sviðsins kom fram að stundum mætti frumkvæði skólans vera meira.<sup>201</sup>

Sú skoðun kom fram í hópi starfsmanna að sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs væri ekki nægilega áhugasamur um starfið „enda lögfræðingur sem hefði ekki þekkingu á skólamállum“. Hann væri lítið sýnilegur í skólanum. Þá kom fram að hagsmunaárekstrar gætu orðið þar sem sviðsstjórinn gætti hagsmuna skjólstæðinga félagsþjónustunnar en væri einnig yfirmaður skólans sbr. skipurit sveitarfélagsins.<sup>202</sup> Að sögn formanns fræðslunefndar leita skólastjórnendur mikið til sviðsstjóra um rekstrarráðgjöf og aðstoð í starfsmannamálum, enda séu aðrir starfsmenn á sviðinu með menntun og reynslu af skólamállum.<sup>203</sup> Starfsfólk nefndi jafnframt að meiri stuðning vantaði frá bæjaryfirvöldum sem þrátt fyrir einstaka öflugra starfsmenn byggju við ákveðna faglega einangrun. Samvinna við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar gæti verið mikill akkur þar sem þar fengist breiðari faglegur stuðningur fagstétta sem gætu orðið nokkuð einangraðar í fagi sínu innan sveitarfélagsins. „Það hagnast allir á því samstarfi.“<sup>204</sup>

Starfsmenn félagsþjónustu- og fræðslusviðs, sem rætt var við, sögðu smæð samfélags eins og Grindavíkur hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á úrlausn mála. Smæðin gerði það að verkum að bodleiðir væru stuttar og í Grindavík væri gott aðgengi að sérfræðiþjónustu. Ókostirnir gætu verið tengsl sem gætu leitt til hagsmunaárekstra en sviðið sæi til þess að sérfræðingur væri ekki að vinna að málum, sem væru bæði á vettvangi félags- og skólamála.

## 9.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Samkvæmt deildarstjórum eru til staðar skýrir verkferlar um eftirfylgni. Ennfremur kom það viðhorf fram að þeir starfsmenn sem vinni að eftirfylgni í framhaldi af greiningu séu mjög reyndir í þessum efnum sem auki skilvirkni eftirfylgninnar.<sup>205</sup>

201 Fundir með stjórnendum, rýnihópar starfsmanna og símtöl við sérfræðinga á félagsþjónustu-og fræðslusviði 7. og 8. desember 2011 og í janúar 2012.

202 Fundir með deildarstjórum og rýnihópar starfsmanna 7. og 8. desember 2011.

203 Athugasemdir frá formanni fræðslunefndar 20. febrúar 2012.

204 Fundir með deildarstjórum og rýnihópar starfsmanna 7. og 8. desember 2011.

205 Fundur með deildarstjórum 7. desember 2011

Félagsþjónustu,- og fræðsluvið gerir tillögur um úrbætur í framhaldi greiningar ásamt eftirliti með úrræðum og samhæfingu þeirra. Ef sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefur ekki á verksviði sínu þá þjónustu sem greining gefur til kynna að þörf sé á ber skólaskrifstofu að leiðbeina forráðamönnum og eftir föngum útvega viðeigandi þjónustu<sup>206</sup>.

Hins vegar kom fram bæði hjá starfsmönnum skólans og sveitarfélagsins að úrræði skorti í erfiðum málum fyrir nemendur sem ekki eigi heima í skólanum s.s. vegna geðrænna vandamála sem geti bitnað á öðrum nemendum skólans. Verið sé að mismuna börnum og fullorðnum í geðheilbrigðismálum þar sem fullorðnum bjóðist mun fleiri úrræði. Í janúar 2012 fór starfsfólk félagsþjónustu- og fræðsluviðs, ásamt bæjarstjóra á fund í Velferðarráðuneytinu. Efni fundarins var að kvarta yfir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn en þau eigi ekki sama rétt á innlögn og þjónustu og fullorðnir.<sup>207</sup>

### 9.3. Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu við nemendur s.s. sérkennslu, félagslega- og/eða sálfræðilegaþjónustu, heilsuvernd eða aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráð er starfandi við Grunnskóla Grindavíkur og í því eiga sæti skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, sálfræðingur skólans, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi frá félagsþjónustu Grindavíkurbæjar<sup>208</sup>.

Ráðið fundar hálfsmánaðalega og tekur upp mál sem deildarstjórar, kennarar, starfsmenn eða fulltrúar nemendaráðs hafa vísað til þess þegar önnur úrræði hafa reynst árangurslaus. Eftir faglega umfjöllun máls leggur ráðið fram tillögur að aðgerðum og fylgist með framvindu málsins.<sup>209</sup>

### 9.4. Ráðgjöf til kennara

Eins og fram hefur komið fá kennarar skólans ráðgjöf frá sérfræðingum félagsþjónustu- og fræðsluviðs, m.a. um kennsluáferðir, en að mati kennaranna mætti frumkvæði sérfræðinganna stundum vera meira svo og ráðgjöfin. Sérfræðingarnir segja aftur á móti að kennarar mættu leita meira til þeirra og stundum hafi skólinn ekki þegið ráðgjöf sem í boði hafi verið. Skólinn styðst við Gæðagreini í sjálfsmati sínu og hefur að sögn skólastjóra ekki fengið sérstaka ráðgjöf frá félagsþjónustu- og fræðsluviði en haft við það samráð.<sup>210</sup>

### 9.5. Sjúkrakennsla

Skólinn hefur boðið upp á sjúkrakennslu fyrir þá nemendur sem þurft hafa á henni að halda.

<sup>206</sup> Sérfræðiþjónusta af vef Grindavíkurbæjar

<sup>207</sup> Fundir með stjórnendum og starfsfólki skólans í desember 2011 og símtöl við sérfræðinga á félagsþjónustu- og fræðsluviði janúar 2012.

<sup>208</sup> Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012; bls. 47

<sup>209</sup> Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012; bls. 47

<sup>210</sup> Athugasemdir frá skólastjóra 20.febrúar 2012.

## 9.6. Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í Grunnskóla Grindavíkur fjóra daga í vikunnar frá kl. 8.00 – 12.00 og alla fimmtudaga. Hún sinnir m.a. sjón- og heyrnarprófum ásamt hæðar- og þyngdarmælingum. Einnig sinnir skólahjúkrunarfræðingurinn skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta<sup>211</sup>. Skv. upplýsingum á heimasíðu sveitafélagsins geta „forráðamenn barna, starfsmenn skóla, skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum.”<sup>212</sup>

## 9.7. Mat úttektaraðila

- Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Sérfræðiþjónustan virðist þó ekki í öllum tilfellum nægjanlega kynnt foreldrum og öðrum hlutaðeigandi aðilum.
- Skýrir verkferlar er um eftirfylgni í framhaldi af greiningu, en skýra þarf betur hlutverk skólans í tengslum við erfið mál.
- Skólinn fær ráðgjöf um skólastarf frá félagsþjónustu- og fræðslusviði og er ánægja með ráðgjöfina að mestu leyti. Formlegt samstarf félagsþjónusta- og fræðslusviðs og skólans mætti þó vera meira, t.d. með föstum fundum, og sviðið sýna meira frumkvæði í tengslum við eftirfylgni faglegs starfs, endurmenntun og stuðning við kennara. Yfirmaður skólans má vera sýnilegri í skólanum. Úttektaraðilar taka undir það viðhorf að skólinn geti verið nokkuð „faglega einangraður” m.a. vegna smæðar sviðsins. Samvinna við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar eða annað sveitarfélag gæti verið akkur þar sem þar gæti m.a. fengist meiri stuðningur og miðlun fagstétta.
- Að mati úttektaraðila væri æskilegt að breyta skipuriti sveitarfélagsins, þannig að sami yfirmaður væri ekki yfir bæði skóla- og félagsmálum. Þeir taka undir áhyggjur starfsmanna og foreldra að núverandi skipulag geti orsakað hagsmunaárekstra, sérstaklega í erfiðum og viðkvæmum málum.
- Nemendaverndarráð er starfrækt í skólanum og ráðið starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.
- Skólaheilsugæsla er í skólanum og nemendur fá sjúkrakennslu í samræmi við ákvæði reglugerða þar að lútandi.

<sup>211</sup> Skólahjúkrun af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

<sup>212</sup> Sérfræðiþjónusta af vef Grindavíkurbæjar

## 9. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGS

Skólastjóri á að skila fjárhagsáætlun, ársskýrslu, sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá og starfsáætlun til fræðsluráðs. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að skólinn hefði ekki staðist þær kröfur á síðustu misserum, gögn væru að berast of seint og vinnubrögð óásættanleg.<sup>213</sup>

### 10.1. Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati

Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins þá hefur það ekki sett fram nein áhersluatriði í ytra mati heldur hefur hlutverk þeirra aðallega snúið að því að kalla eftir sjálfsmati<sup>214</sup>.

### 10.2. Framkvæmd ytra mats

Ytra mat hefur ekki verið á vegum sveitarfélagsins en í október 2011 samþykkti bæjarráð tillögu fræðslunefndar um þátttöku í Skólavoginni. Samningur er á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólapúlsins um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogarinnar.<sup>215</sup>

### 10.3. Starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta

Grunnskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi sem er með viðveru í skólanum einn dag hálfsmánaðarlega, sálfræðing sem er í 80% starfi, sérkennslufulltrúa sem er í 50% starfi, þroskaþjálfar sem er í 50% starfi og félagsráðgjafa í 100% starfi<sup>216</sup>. Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs sinnir jafnframt rekstrarráðgjöf og ráðgjöf í starfsmannamálum.<sup>217</sup>

### 10.4. Tengsl við sjálfsmat skólans

Sveitarfélagið hefur ekki tengsl við sjálfsmat skólans heldur kallar aðeins eftir gerð þess<sup>218</sup>.

### 10.5. Kynning og eftirfylgni

Sveitarfélagið hefur kallað eftir kynningu á sjálfsmati og umbótaáætlun frá skólastjóra.

### 10.6. Mat úttektaraðila

- Þáverandi skólastjóri skilaði ekki fullnægjandi upplýsingum til sveitarfélagsins. Kynningu og eftirfylgni skólans á innra mati hefur jafnframt verið ábótavant.
- Ytra mat hefur ekki verið framkvæmt á vegum sveitarfélagsins, en nýlega gerðist skólinn aðili að Skólavoginni. Úttektaraðilar hvetja sveitarfélagið til að styðja skólann í innleiðingu og framkvæma reglulega kerfisbundið mat á skólanum og kalla eftir umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna úr sjálfsmati.

<sup>213</sup> Fundur nr. 3 hjá fræðslunefnd, 8.nóvember 2011.

<sup>214</sup> Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

<sup>215</sup> Athugasemdir frá formanni fræðslunefndar 20.febrúar 2012.

<sup>216</sup> Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

<sup>217</sup> Athugasemdir frá formanni fræðslunefndar 20.febrúar 2012.

<sup>218</sup> Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 8. desember 2011

## 11. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í viðtölum voru stjórnendur, starfsmenn, nemendur, foreldrar, fulltrúar í skólaráð og fulltrúar sveitarfélags m.a. spurðir út í styrkleika og veikleika Grunnskóla Grindavíkur. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður þessara aðila, ásamt mati úttektaraðila.

### 11.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Stöðugleiki í starfsmannahópi og reynslumikið starfsfólk. Allir kennarar með réttindi.	Skólanámskrá uppfyllir ekki ákvæði aðalnámskrár.
Áhersla list- og verkgreinar og fjölbreytta kennsluhætti.	Uppbyggingarstefnu lítið framfylgt og mismunandi tekið á agamálum.
Margvísleg úrræði í sérkennslu og aðgangur að sérfræðiþjónustu í sveitarfélaginu.	Erfiðleikar í stjórnun í tíð fráfarandi skólastjóra hafa sett mark sitt á skólabrag og samstöðu í starfsmannahópnum.
Fjölbreytt félagslíf.	Ekki nægilegt samvinna á milli heimilis og skóla og mikil óánægja einstakra foreldra sem ýtir undir neikvætt viðhorf í samfélaginu til skólans.
Þróunarverkefni, s.s. stærðfræði á unglíngastigi og lestrarstefna.	Samstarf ekki nægilegt á milli yngra stigs í Háskóla og eldri stiga í Grunnskóla Grindavíkur þrátt fyrir sameiningu.
Fjöldi úthlutaðra kennslustunda, m.a. til sérkennslu.	Skólinn nokkuð faglega einangraður frá öðrum skólum og sveitarfélögum t.d. í endurmenntun starfsfólks.
Skólahúsnæðið.	Skortur á gegnsæi í ákvarðanatöku og lýðræðislegri þátttöku kennara, nemenda og foreldra. Skólaráð hefur verið lítið virkt
Almenn ánægja foreldra með skólann.	Stjórnun sérkennslu og Námsvers óskilvirk.
Samskiptavíkur.	Úrræðaleyfi yfirvalda vegna erfiðra mála sem skólinn þarf að takast á við. Sérfræðiþjónusta ekki nægjanlega ljós foreldrum.
Einelti hefur farið lækandi á milli ára.	Lítill eftirfylgni með þróunarverkefnum
Nemendaráð virkt og ný stofnað ungmennaráð í sveitarfélaginu.	Innra mat ekki fullnægjandi.
Umhverfi skólans og lítið samfélag.	Fjöldi íþróttakennara í almennri kennslu.
Sveitarfélagið gerir vel við skólann sem ekki hefur þurft að hagræða mikið í kjölfar hruns.	Óánægja nemenda með of lítið samráð
	Smæð samfélagsins ókostur í erfiðum málum, m.a. vegna tengsla í samfélaginu



## 11.2. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

### 11.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélags og yfirvalda

- **Endurskoða skólastefnu** sveitarfélagsins skv. nýrri aðalnámskrá samhliða stefnumótun Grunnskóla Grindavíkur. Sveitarfélagið er hvatt til að virkja þátttöku allra hagsmunaaðila að endurgerð stefnunnar.
- Fara í **samstarf við fleiri sveitarfélög** um fræðslu og endurmenntun kennara og starfsmanna svo auka megi enn frekar faglega umræðu í skólastarfinu.
- **Endurskoða skipurit** sveitarfélagsins. Að mati úttektaraðila er æskilegt að yfirmaður skólamála og yfirmaður barnaverndarmála sé sitt hvor stjórnandinn til að tryggja hlutleysi og faglega nálgun í starfi.
- Sveitarfélagið tryggi að **ytra mat** sé framkvæmt og sjálfsmat fari fram.
- Finna þarf **úrræði fyrir fatlaða** nemendur með geðræn vandamál.

### 11.3.2 Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Endurskoða þarf **stefnu skólans** svo og **skólanámskrá** út frá aðalnámskrá, lögum og reglugerðum með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins.
- Finna þarf leiðir til að auka **samstarf heimilis og skóla** og skapa traust um gott skólastarf. Auka má upplýsingaflæði til foreldra t.d. um sérfræðipjónustu.
- Nýr skólastjóri þarf að finna leiðir til að endurvekja **jákvæðan skólabrag**, auka samstöðu innan starfsmannahópsins, auka lýðræðislega ákvarðanatöku kennara í faglegu starfi og skapa traust milli stjórnenda og starfsmanna.
- Auka þarf virkni **skólaráðs**.
- Úttektaraðilar leggja til að **skipurit** skólans verði endurskoðað, einn og sami stjórnandinn verði yfir sérkennslu og Námsveri og stjórnendur fái stuðning í starfi og þjálfun.
- Auka þarf **lýðræðislega þátttöku** nemenda í ákvarðanatöku. Efla þarf aðkomu þeirra að því sem snertir nám þeirra, líðan og aðbúnað<sup>219</sup> og auka þannig lýðræðislega aðkomu að skólastarfinu.
- Fylgja betur eftir **þróunarverkefnum** og festa þau í sessi.
- **Eineltiskannanir** séu jafnframt gerðar nafnlausar t.d. í árlegri líðankönnun meðal nemenda.
- Auka gæði, kynningu og eftirfylgni **innra mats** og sjálfsmatsskýrslu.

### 11.3.3 Minniháttar ábendingar

- Stjórnendur eru hvattir til að finna leiðir til bæta samstarf á milli Hópskóla og Grunnskólans sem virðist ekki vera nægilega mikið.

---

219 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:49

## HEIMILDIR

---

*Almennar upplýsingar. e.d. Sótt 21. september 2011 af*

<http://www.grindavik.is/grunnskoli/skolinn>

*Aðalnámskrá grunnskóla . 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík*

*Áhugavert skólaþróunarverkefni. 2011 (22.febrúar). Sótt 27. október 2011 af*

<http://www.grindavik.is/s/7003>

*Eineltisáætlun. E.d. Sótt 27. október 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/Eineltisaatlun\\_2011.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/Eineltisaatlun_2011.pdf)

*Foreldrafélagið. e.d. Sótt 29. September 2011 af*

<http://www.grindavik.is/grunnskoli/foreldrafelag>

*Fundargerð skólaráðs. 2009, 5. nóvember. Sótt 24. nóvember 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/eydublod/skolara\\_5\\_nov\\_2009.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/eydublod/skolara_5_nov_2009.pdf)

*Fundargerð skólaráðs.2010, 29. apríl. Sótt 24. nóvember 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/eydublod/skolara\\_29\\_april\\_2010.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/eydublod/skolara_29_april_2010.pdf)

*Handbók starfsfólks Grunnskóla Grindavíkur. 2011-2012. Gögn send Attentus með*

*tölvupósti frá skólastjórnendum Grunnskóla Grindavíkur 21. nóvember 2011*

*Jafnréttisáætlun. e.d. Sótt 27. október 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/aetlanir/Jafnrettisaatlun\\_Grunnskola\\_Grindavikur.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/aetlanir/Jafnrettisaatlun_Grunnskola_Grindavikur.pdf)

*Kynning á Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar). 2006. Sótt 21. september af*

<http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/uppbyggingarstefnaglaerur22mar07.pdf>

*Lög um grunnskóla nr.91/2008.*

*Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008*

*Nemendafélag. e.d. Sótt 21. september af <http://www.grindavik.is/grunnskoli/nemendafelag>*

*Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008.*

*Uppbyggingarstefna. e.d. Sótt 21. september af*

<http://www.grindavik.is/grunnskoli/uppbygging>

*Samskipti og skólabragur: Skýr mörk – samskipta – og umgengnisreglur. 2006. Sótt 21.*

*september 2011 af <http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/eydublod/Samskipti.pdf>*

*Sérfræðiþjónusta. e.d. Sótt 29. september 2011 af <http://grindavik.is/skolaserfraedingar>*

*Símenntunaráætlun. e.d. Sótt 27. október 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/aetlanir/Simenntunaraatlun\\_2011-2012.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/aetlanir/Simenntunaraatlun_2011-2012.pdf)

*Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grindavíkur 2010 – 2011, send Attentus með tölvupósti frá skólastjórnendum Grunnskóla Grindavíkur 21. nóvember 2011.*

*Skólabókasafn. E.d. Sótt 27. nóvember 2011 af <http://www.grindavik.is/grunnskoli/bokasafn>*

*Skólahjúkrun. e.d. Sótt 29. September 2011 af <http://www.grindavik.is/grunnskoli/hjukrun>*

*Skólaráð. e.d. Sótt 21. september 2011 af <http://www.grindavik.is/grunnskoli/skolarad>*

*Skólasagan. e.d. Sótt 21. september 2011 af <http://www.grindavik.is/grunnskoli/sagan>*

*Skólastefna Grindavíkurbæjar. 2010 (10. mars). Sótt 27. október 2011 af*

[http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/Skolastefna\\_Grindavikur.pdf](http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/Skolastefna_Grindavikur.pdf)

*Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011-2012. 2011-2012. Gögn send attentus með tölvupósti frá skólastjórnendum Grunnskóla Grindavíkur 21. nóvember 2011.*

*Starfsmenn. e.d. Sótt 21. september 2011 af <http://www.grindavik.is/starfsmenn?g=7>*

*Tilvísanir – leiðbeiningar. e.d, Sótt 29. september 2011 af*

<http://grindavik.is/tilvisunleidbeiningar>

## VIÐAUKAR

---

### Viðauki 1 – Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum

Skólastjóri	1
Deildastjóri	4
Grunnskólakennari	28
Framhaldsskólakennari	9
Sérkennari	1
Kennari/ráðgjafi	1
Stuðningsfulltrúi	10
Skólaliðar	12
Húsvörður	2
Bókavörður	1
Matriðslum.	1
Námsráðgjafi	1
Danskennari	1
Skólasei	2
<b>SAMT.:</b>	<b>74</b>

### Viðauki 2 – Helstu áhersluatriði úr skólastefnu Grindavíkur

*Að í Grindavík verði heilstæð grunnmenntun á öllum stigum, að jafnræði ríki í aðgangi að námi og tengdri þjónustu, einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir, aukið samstarf skóla, skólastiga og nærsamfélagsins, að uppeldisstefna skólanna byggji á umhyggju fyrir öllu lífi, samúð og kærleika sem stuðli að umburðarlyndi, friði og samfélagi án ofbeldis, samþætting þekkingar, lífsgilda og almennan heilbrigðan lífsstíl í námi barna, virk tengsl milli heimilis og skóla ásamt sameiginlegri ábyrgð, starfsfólk upplifi starfsánægju, fái hvatningu og tækifæri til þess að auka færni sína, nemendum og starfsfólki verði tryggt heilnæmt starfsumhverfi og búnað sem að samræmis þörfum viðkomandi skólastarf, áhersla á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og að nýtt verði sérstada nánasta umhverfis til kennslu.<sup>220</sup>*

---

<sup>220</sup> Skólastefna Grindavíkurbæjar af vefsíðu Grunnskóla Grindavíkur

## Viðauki 3 – Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda í Grunnskóla Grindavíkur

Tafla 4. Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár 2011

Námsgreinar, námssviðmið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1600	840	840	3280	24,5%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál		480	960	1.440	10,5%
List- og verkgreinar	760	480		1.240	9%
Náttúrugreinar	320	320	280	920	7%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	9%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	520	680	520	1.720	13%
Stærðfræði	960	720	720	2.400	18%
Upplýsinga- og tæknimennt	160	120	120	400	3%
Til ráðstöfunar /Val		200	640	840	6%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

## Skipting kennslustunda í Grunnskóla Grindavíkur

Námsgreinar, námssviðmið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,1%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,3%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,5%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,3%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,9%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,5%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,9%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,7%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,9%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100,1%